


# 316-biblían



Portions of the Holy Bible in Icelandic, 316-biblían  
translation

**316-biblían****Portions of the Holy Bible in Icelandic, 316-biblían translation**

copyright © 2026 Every Nation Iceland

Language: Íslenska (Icelandic)

<https://316.is/316-biblian/><https://creativecommons.org/licenses/by-sa/4.0/deed.is>

Þér er frjálst að:

Deila — afrita og dreifa efninu á hvaða sniði eða miðli sem er í hvaða tilgangi sem er, jafnvel gegn gjaldi.

Aðlaga — endurvinna, umbreyta, og byggja á efninu í hvaða tilgangi sem er, jafnvel gegn gjaldi.

Leyfisveitandanum er óheimilt að afturkalla þetta frelsi svo framarlega að þú fylgir skilyrðum leyfisins.

Samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

TilvísunHöfundar — Þú verður að gefa upp viðeigandi tilvísanir, gefa upp tengil á notkunarleyfi, og gefa til kynna ef breytingar hafa verið gerðar. Þú mátt gera þetta á einhvern skynsamlegan hátt, en þó ekki þannig að gefið sé til kynna að leyfisgjafinn styðji við þig eða notkun þína.

DeilaEins — Ef þú endurvinnur, umbreytir, eða byggir á efninu, verðurðu að dreifa breytingunum þínum með sama notkunarleyfi og upprunalega efnið er með.

Engar frekari takmarkanir — Þú mátt ekki setja inn lagaleg ákvæði eða tæknilegar úrlausnir sem gætu hindrað aðra á lagalega vísu við að gera eitthvað það sem notkunarleyfið heimilar.

Athugasemdir:

Þú þarft ekki að uppfylla ákvæði notkunarleyfisins fyrir þá hluta efnisins sem séu í almannaeigu (public domain) eða þar sem notkun þín sé leyfð samkvæmt undanþágum eða takmörkunum.

Engin ábyrgð fylgir. Notkunarleyfið gæti ekki gefið þér allar nauðsynlegar heimildir fyrir þá notkun sem þú hafðir í huga. Til dæmis, önnur réttarákvæði sem varða birtingu, friðhelgi, eða sæmdarrétt gætu takmarkað hvernig þú getur notað efnið.

This translation is made available to you under the terms of the Creative Commons Attribution Share-Alike license 4.0.

You have permission to share and redistribute this Bible translation in any format and to make reasonable revisions and adaptations of this translation, provided that:

You include the above copyright and source information.

If you make any changes to the text, you must indicate that you did so in a way that makes it clear that the original licensor is not necessarily endorsing your changes.

If you redistribute this text, you must distribute your contributions under the same license as the original.

Pictures included with Scriptures and other documents on this site are licensed just for use with those Scriptures and documents. For other uses, please contact the respective copyright owners. Note that in addition to the rules above, revising and adapting God's Word involves a great responsibility to be true to God's Word. See Revelation 22:18-19.

2026-05-29

PDF generated using Haiola and XeLaTeX on 29 May 2026 from source files dated 29 May 2026  
7f3cda58-ba85-55f0-b12f-9e0dc614173a

## Contents

Markúsarguðspjall . . . . .	1
-----------------------------	---

## Markúsarguðspjall

<sup>1</sup> Svona hefst fagnaðarerindið um Jesú Krist, son Guðs.

<sup>2</sup> Í bók spámansins Jesaja stendur: „Ég læt sendiboða minn fara á undan þér til að undirbúa veginn fyrir þig.“

<sup>3</sup> Í óbyggðunum hrópar rödd: „Undirbúið komu Drottins, greiðið honum leið.“

<sup>4</sup> Maður sem hét Jóhannes kom fram í óbyggðunum. Þar skírði hann fólk, því með skírni í iðrun fengi það fyrirgefningu á syndum sínum.

<sup>5</sup> Mikill fjöldi manns kom til hans af Júdeusvæðinu og frá Jerúsalem, játaði syndir sínar og tók skírni í ánni Jórdan.

<sup>6</sup> Jóhannes klæddist úlfaldahári og leðurbelti og át engisprettur og villihunang.

<sup>7</sup> „Á eftir mér kemur sá sem er máttugri en ég,“ prédikaði hann. „Ég er ekki þess verður að svo mikið sem leysa skóreimarnar hans.“

<sup>8</sup> Ég skírði ykkur kannski með vatni, en hann á eftir að skíra ykkur með Heilögum anda.“

<sup>9</sup> Síðan kom Jesús frá Nasaret í Galíleu og Jóhannes skírði hann í ánni Jórdan.

<sup>10</sup> Um leið og hann steig upp úr vatninu sá hann að himnarnir opnuðust og Andinn kom niður til hans eins og dúfa.

<sup>11</sup> Frá himnunum hljómaði rödd sem sagði: „Þú ert heittelskaður sonur minn sem ég gleðst yfir.“

<sup>12</sup> Andinn sendi hann út í óbyggðirnar,

<sup>13</sup> þar sem hann var í fjörtíu daga og gekk í gegnum prófraunir Satans. Hann bjó á meðal villidýranna og englarnir þjónuðu honum.

<sup>14</sup> Eftir handtöku Jóhannesar kom Jesús til Galíleu og flutti fólkí góðu fréttirnar um konungsríki Guðs.

<sup>15</sup> „Tíminn er kominn,“ sagði hann, „og konungsríki Guðs nálgast. Íðrist synda ykkar og trúið fagnaðarerindinu!“

<sup>16</sup> Þegar Jesús var á gangi við Galíleuvatn sá hann Símon og Andrés bróður hans kasta neti í vatnið, þar sem þeir voru fiskveiðimenn.

<sup>17</sup> Hann sagði við þá: „Komið og fylgið mér, því með mér munuð þið ekki veiða fiska heldur menn.“

<sup>18</sup> Þeir hentu strax frá sér netunum og fylgdu honum.

<sup>19</sup> Skömmu síðar sá hann þá bræður Jakob og Jóhannes Sebedeussyni þar sem þeir sátu í bát að gera við net.

<sup>20</sup> Hann kallaði þá til sín – þeir skildu Sebedeus föður sinn eftir í bátum með vinnumönnum og fylgdu honum.

<sup>21</sup> Þeir lögðu leið sína til Kapernaúm. Á hvíldardeginum fór Jesús í samkomuhúsið og kenndi þar.

<sup>22</sup> Fólkíð var agndofa yfir kennslu hans, vegna þess að hann kenndi þeim ekki bara eins og kennarnir í lögnum, heldur eins og einhver sem hafði raunverulegt vald.

<sup>23</sup> Í samkomuhúsinu var maður með óhreinan anda sem hrópaði:

<sup>24</sup> „Hvað vilt þú okkur, Jesús af Nasaret? Ert þú kominn að eyða okkur? Ég veit hver þú ert, heilagur sonur Guðs!“

**1:1** Matt 1:1; Matt 3:17; Matt 17:5; Lúk 3:22; Lúk 9:35; Jóh 1:34; Jóh 20:31 **1:1** „son Guðs“ þýðir að Jesús er ekki bara venjulegur maður heldur sonur Guðs á einstakan hátt. Þetta er lykilorðið í kristinni trú sem segir að Guð kom sjálfur í heiminn sem maður. **1:2** Mal 3:1; Matt 11:10; Lúk 7:27 **1:3** Jes 40:3; Matt 3:3; Lúk 3:4; Jóh 1:23 **1:3**

Markús blandar saman spádómum frá Malakía og Jesaja til að sýna að Jóhannes er sá sem Guð lofaði. Hann undirbýr fólk fyrir Jesú eins og einhver sem ryður veg fyrir VIP-gest. **1:4** Matt 3:1-2; Lúk 3:3 **1:5** Matt 3:5-6 **1:6** 2Kon 1:8 **1:6** Þetta er spámannalífstill eins og Elía í GT. Engisprettur og villihunang var einfaldur matur í eyðimörkinni. Jóhannes helgaði líf sitt Guði. **1:7** Matt 3:11; Lúk 3:16; Jóh 1:27 **1:8** Matt 3:11; Lúk 3:16; Jóh 1:33; Post 1:5 **1:9** Matt 3:13-17; Lúk 3:21-22 **1:10** Matt 3:16; Lúk 3:22; Jóh 1:32 **1:11** Matt 3:17; Lúk 3:22; 2Pét 1:17; Slm 2:7; Jes 42:1

**1:11** Röddin frá himni staðfestir að Jesús er sonur Guðs og Faðirinn er áneğður. Þetta er mikilvægt augnablik þar sem þrenningin (Faðir, Sonur og Heilagur Andi) koma fram saman. **1:13** Matt 4:1-11; Lúk 4:1-13 **1:13** „Fjörtíu dagar“ minnir á Ísraelsmenn í eyðimörkinni 40 ár. Móse var í fjárhirðir í óbyggðum í 40 ár og Elía 40 daga í eyðimörkinni. Jesús er freistað en syndgar ekki. Hann sigrar Satan þar sem Adam og Evu mistókst. **1:14** Matt 4:12; Lúk 4:14 **1:15** Matt 4:17; Gal 4:4 **1:15** „Konungsríki Guðs“ - sjá Mat 3:2 **1:16** Matt 4:18-22; Lúk 5:1-11 **1:17** Jesús notar það sem þeir þekkja, veiðar, til að útskýra nýtt verkefni fyrir þeim.

- <sup>25</sup> Jesús hvessti augun á hann og sagði: „Þegi þú og snáfaðu út úr honum!“
- <sup>26</sup> Óhreinir andinn engdist um í manningum, óskraði hástöfum og fór út úr honum.
- <sup>27</sup> Fólkíð trúði ekki sínum eigin augum. „Hvað er þetta!“ hvíslaði það sín á milli. „Hann kennir með einhverjum nýjum mætti - hann skipar jafnvel óhreinum öndum fyrir og þeir hlýða honum.“
- <sup>28</sup> Og sögurnar af honum byrjuðu að dreifast um allt Galíleusvæðið.
- <sup>29</sup> Þegar hann kom út úr samkomuhúsinu fór hann heim til Símonar og Andrésar með Jakobi og Jóhannesi,
- <sup>30</sup> þar sem þeir höfðu sagt honum að tengdamóðir Símonar væri veik.
- <sup>31</sup> Hann fór til hennar, tók í höndina á henni og hjálpaði henni á fætur – um leið læknaði hún af hitanum, og byrjaði að þjóna þeim.
- <sup>32</sup> Sama kvöld, við sólsetur, fór fólk að koma til Jesú með alla þá sem voru veikir eða andsetnir.
- <sup>33</sup> Allir íbúar borgarinnar voru saman komnir við dyrnar.
- <sup>34</sup> Hann læknaði marga sem voru veikir og kastaði út mörgum illum öndum, en leyfði illu öndunum ekki að tala, vegna þess að þeir vissu hver hann var.
- <sup>35</sup> Eldsnemma næsta morgun fór hann á fætur og fór út í óbyggðirnar til að biðja.
- <sup>36</sup> Símon og fylgjendur hans fóru á eftir honum
- <sup>37</sup> og fundu hann. „Allir eru að leita að þér,“ sögðu þeir.
- <sup>38</sup> „Höldum áfram í næstu bæi,“ svaraði hann þeim, „svo ég geti prédikað þar líka – það er það sem ég kom til þess að gera.“
- <sup>39</sup> Og Jesús prédikaði í samkomuhúsum um alla Galíleu og rak út illa anda.
- <sup>40</sup> Holdsveikur maður féll örvæntingarfullur á kné fyrir framan Jesú. „Ég veit að þú getur hreinsað mig ef þú vilt það!“ sagði hann.
- <sup>41</sup> Fullur samúðar rétti Jesús út höndina og snerti hann. „Ég vill!“ sagði hann. „Vertu hreinn.“
- <sup>42</sup> Við þessi orð hans læknaði maðurinn af holdsveikinni og hann varð hreinn.
- <sup>43</sup> Jesús sendi hann strax burt og brýndi fyrir honum:
- <sup>44</sup> „Ekki segja neinum frá þessu – farðu og sýndu prestinum að þú ert orðinn hreinn og færðu hreinsunarfórnina í samræmi við lög Móse til að staðfesta lækninguna.“
- <sup>45</sup> En maðurinn fór og sagði söguna oft og víða. Þar af leiðandi gat Jesús ekki lengur gengið opinberlega inn í borgir heldur varð að dvelja í óbyggðunum, þangað sem fólk flyktist til hans hvaðanæva að.

## 2

- <sup>1</sup> Nokkrum dögum síðar kom hann aftur til Kapernaúm. Þegar það fréttist að hann væri í bænum
- <sup>2</sup> flyktist svo margt fólk að húsinu að það var ekki einu sinni hægt að komast inn um dyrnar. Og Jesús prédikaði til þeirra.
- <sup>3</sup> Fjórir menn komu til hans, berandi lamaðan mann með sér.
- <sup>4</sup> Þegar þeir sáu að þeir kæmust ekki að Jesú klifruðu þeir upp á þak hússins, rifu það upp og létu lamaða manninn síga niður í húsið á börum.
- <sup>5</sup> Jesús sá þetta merki um trú þeirra og sagði við lamaða manninn: „Sonur minn, syndir þínar eru fyrirgefnar.“
- <sup>6</sup> En nokkrir af kennurunum í lögunum, sem voru á staðnum og sáu þetta, hugsuðu með sér:
- <sup>7</sup> „Hvaða guðlast er þetta í manningum? Enginn getur fyrirgefið syndir nema Guð!“
- <sup>8</sup> Jesús vissi strax í anda sínum að þeir hefðu hugsað þetta. „Af hverju hugsði þið svona?“ spurði hann þá.
- <sup>9</sup> „Hvort er auðveldara að að segja lömuðum manni að syndir hans séu fyrirgefnar, eða að segja honum að taka börurnar sínar og standa upp?“

**2:1** Matt 9:1; Lúk 5:17    **2:1** Kapernaum varð eins konar „heimili“ fyrir Jesú í Galíleu. Hann bjó oft hjá lærisveinum sínum eins og Pétri. Fólk streymdi til hans vegna kraftaverka hans.    **2:2** Mark 1:45    **2:3** Matt 9:2; Lúk 5:18    **2:4** Lúk 5:19    **2:4** Hús voru oft með flöt þök úr leðju og stráum. Það var auðvelt að rífa þau upp til að komast inn. Þetta sýnir mikla trú vina hans: þeir voru tilbúnir að eyðileggja þak til að komast að Jesú.    **2:5** Matt 9:2; Lúk 5:20    **2:5** Jesús byrjar á að fyrirgefa syndir en ekki bara að lækna líkamlega. Þetta var stórt: aðeins Guð getur fyrirgefið syndir, og Jesús sýnir hér að hann hefur guðlegt vald.    **2:7** Matt 9:3; Lúk 5:21; Jes 43:25    **2:7** Kennarar í lögunum (oft farisear) héldu að Jesús væri að guðlasta (háða Guð) með því að segja sig geta fyrirgefið syndir.    **2:8** Matt 9:4; Lúk 5:22; Jón 2:25

<sup>10</sup> En ég skal sýna ykkur að Mannssonurinn hefur vald til að fyrirgefa syndir hér á jörðinni.“ Og hann sneri sér að lamaða manningum og sagði:

<sup>11</sup> „Stattu upp, taktu börurnar þínar og farðu heim.“

<sup>12</sup> Um leið og Jesús hafði sleppt orðinu stóð maðurinn upp, tók upp börurnar sínar og gekk af stað út úr húsinu í gegnum furðu lostinn mannfjöldann. „Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt!“ sagði fólkíð hvert við annað, og lofaði Guð.

<sup>13</sup> Nokkru síðar fór Jesús aftur út að vatninu, þar sem hann kenndi mannfjöldanum sem fylgdi honum hvert sem hann fór.

<sup>14</sup> Á leiðinni þangað sá hann Leví Alfeusarson þar sem hann sat og vann í skattkofanum sínum. „Fylgdu mér!“ sagði Jesús við hann – og Leví stóð upp og fylgdi honum.

<sup>15</sup> Jesús fór heim til hans og sat þar til borðs með bæði skattheimtumönnum og syndurum og lærisveinum sínum, sem voru orðnir margir.

<sup>16</sup> Það hneykslaði kennarana í lögunum og fariseana þegar þeir sáu að hann sat til borðs með skattheimtumönnum og syndurum. „Hvernig getur hann borðað með svona fólk?“ spurðu þeir lærisveinana.

<sup>17</sup> Þegar Jesús heyrði þetta sagði hann við þá: „Það er veikt fólk sem þarf að hitta lækni, ekki heilbriggt fólk. Ég er ekki kominn til þess að leiða réttlátt fólk til iðrunar, heldur syndara.“

<sup>18</sup> Lærisveinar Jóhannesar og fariseanna voru vanir að fasta. „Af hverju fasta lærisveinarnir þínir ekki eins og lærisveinar Jóhannesar og fariseanna?“ spurðu þeir Jesús.

<sup>19</sup> „Af hverju ættu gestir brúðgumans að fasta meðan brúðguminn er hjá þeim?“ spurði Jesús þá á móti. „Það er ekkert vit í því að þeir geri það meðan hann er hjá þeim.“

<sup>20</sup> Þeir hafa næg tækifæri til þess að fasta þegar brúðguminn verður farinn frá þeim.“

<sup>21</sup> „Það notar enginn glænýtt, ómýkt efni í bót á gamla flík – hún rifnar bara frá gamla, slitna efninu og gerir rifuna verri.“

<sup>22</sup> Það setur heldur enginn nýtt vín í gamlar flöskur – nýja vínið sprengir bara flöskurnar svo þær eyðileggjast og vínið fer út um allt. Nýtt vín þarf að setja í nýjar flöskur.“

<sup>23</sup> Einu sinni þegar Jesús var á göngu á kornakri á hvíldardeginum fóru lærisveinar hans að tína kornöxin.

<sup>24</sup> Farísearnir sem sáu þetta sögðu við hann: „Hvernig geta þeir gert þetta? Það er bannað á hvíldardeginum.“

<sup>25</sup> „Munið ekki hvað Davíð konungur gerði,“ svaraði Jesús, „þegar hann og menn hans voru hætt komnir af hungri?“

<sup>26</sup> Þeir fóru inn í hús Guðs í stjórntíð Abíatarar æðstaprests og átu brauðið sem enginn nema prestarnir áttu að mega borða.

<sup>27</sup> Hvíldardagurinn á að þjóna manningum, ekki öflugt.

<sup>28</sup> Þess vegna stjórnar Mannssonurinn líka hvíldardeginum.“

**2:10** Matt 9:6; Lúk 5:24; Dan 7:13-14 **2:10** „Mannssonurinn“ er titill sem Jesús notar oft um sig sjálfan (frá Daniel 7:13-14). Titillinn vísar til þess að Jesús er bæði maður og himneskur konungur með vald frá Guði. Jesús þurfti að feta þröng slóð að tala um sjálfan sig án þess að gera það of augljóst. Ef hann gerði það of augljóst yrði allt vitlaust eða hann lífátinn fyrir tímarn. Þetta er stundum kallað Messíasarleyndarmálið. Notkun Jesú á þessum titli er hluti af því. **2:11** Matt 9:6; Lúk 5:24 **2:12** Matt 9:8; Lúk 5:26 **2:13** Matt 9:9; Lúk 5:27 **2:14** Matt 9:9; Lúk 5:27-28 **2:14** Levi (síðar kallaður Matteus) var skattheimtumaður. Skattkofinn var eins og lítil sjoppa nema þarna kom fólk til að borga skatt. Matteus var álitinn svikari og syndari af Gyðingum því hann vann fyrir Rómverja. **2:15** Matt 9:10; Lúk 5:29 **2:16** Matt 9:11; Lúk 5:30 **2:17** Matt 9:12-13; Lúk 5:31-32; Lúk 19:10; 1Tím 1:15 **2:17** Jesús notar lækisðæmi: Hann er „læknir“ fyrir synduga (fólk sem viðurkennir þörf sína). Þetta er kjarni boðunar hans. Hann kemur til þeirra sem þurfa hjálp og viðurkenna það, ekki þeirra sem telja sig fullkomna. **2:18** Matt 9:14; Lúk 5:33 **2:19** Matt 9:15; Lúk 5:34 **2:20** Matt 9:15; Lúk 5:35 **2:20** „Brúðguminn“ er Jesús sjálfur. Gleðitími er núna með honum, en fasta kemur síðar (t.d. eftir krossfestinguna). Þetta sýnir að lærisveinar hans lifa ekki lengur í Gamla Testamentinu heldur því nýja. **2:21** Matt 9:16; Lúk 5:36 **2:22** Matt 9:17; Lúk 5:37-39 **2:22** Flaska er orðrétt vínbelgur úr leðri. Á tímum Jesú var vín geymt í leðurbelgum. Nýtt vín gerjast og þenst út. Belgirnir þenjast með. Gamlir belgir eru þurrir og stífir. Þeir springa ef þeir eru fylltir af nýju víni. Þetta er dæmi um nýtt samanborið við gamalt: Boðun Jesú er nýtt „vín“ (Konungsríki Guðs). Það passar ekki í gamlar reglur farísea. Þetta undirbýr að kristni er nýtt samband við Guð, ekki bara uppfærsla á gamalli lögmálshefð. **2:23** Matt 12:1; Lúk 6:1 **2:24** Matt 12:2; Lúk 6:2 **2:24** Farísear höfðu strangar reglur um hvíldardaginn (t.d. bannað að uppskera eða vinna). Að tína korn var álituð „uppskeruvinna“ af þeim. **2:25** Matt 12:3; Lúk 6:3 **2:26** 1Sam 21:1-6; Matt 12:4; Lúk 6:4 **2:26** Jesús vísar í 1Sam 21: Davíð át helgað brauð (sem var aðeins fyrir presta) þegar hann var í neyð. Þetta sýnir að mannslíf og þarfir eru mikilvægari en svona reglur. (Ath: Abíatar var sonur æðstaprestsins á þeim tíma þegar Davíð át brauðið, en varð svo sjálfur æðstaprestur síðar.) **2:27** 2Mós 23:12; 5Mós 5:14-15 **2:28** Matt 12:8; Lúk 6:5 **2:28** Jesús lýsir sig „herra yfir hvíldardeginum“. Hann hefur vald yfir lögmálinu, sem sýnir guðlegt yfirvald hans. Mannssonurinn, sjá Mrk 2:10.

## 3

- <sup>1</sup> Jesús kom þá í samkomuhúsið. Þar var maður með visnaða hönd,  
<sup>2</sup> og þeir fylgdust vandlega með honum til að sjá hvort hann myndi lækna á hviðardeginum, svo það væri hægt að kæra hann fyrir það.  
<sup>3</sup> „Stígðu hingað fram,“ sagði Jesús við manninn með visnuðu höndina.  
<sup>4</sup> „Hvort er löglega,“ sagði Jesús við þá, „að gera eitthvað gott á hviðardeginum eða eitthvað illt? Að bjarga mannlífi, eða drepa mann?“ Þeir svöruðu því engu.  
<sup>5</sup> Hann horfði á þá með vanþóknunarsvip, dapur yfir harðneskjunni sem þeir sýndu af sér. „Réttu út höndina,“ sagði hann við manninn. Maðurinn rétti út höndina, og hún varð jafn heilbrigð og hin höndin.  
<sup>6</sup> Eftir þetta byrjuðu farísearnir að ræða það við Heródesarsinnana hvernig þeir gætu þaggað niður í Jesú.  
<sup>7</sup> Þegar Jesús fór síðan með lærisveinum sínum að vatninu elti mikill mannfjöldi hann - fólk frá Galíleu, Júdeu,  
<sup>8</sup> Jerúsalem, Ídúmeu, löndunum handan ánnar Jórdan, Týrus og Sídon - vegna þess að það hafði heyrt um allt það ótrúlega sem hann hafði gert.  
<sup>9</sup> Jesús varð að segja lærisveinum að vera tilbúnir með lítinn bát, ef mannfjöldinn skyldi þrengja sér að honum -  
<sup>10</sup> hann hafði nefnilega læknað svo marga að veikt fólk reyndi oft að komast að honum til að snerta hann.  
<sup>11</sup> Í hvert skipti sem óhreindir andar sáu hann féllu þeir fram fyrir hann og hrópuðu: „Þetta er sonur Guðs!“  
<sup>12</sup> Hann skipaði þeim að ljóstra því ekki upp fyrir neinum hver hann væri.  
<sup>13</sup> Uppi á fjalli kallaði Jesús formlega til sín þá sem hann hafði valið til að ganga með sér.  
<sup>14</sup> Hann valdi tólf lærisveina til að fylgja sér - þessa tólf sendi hann út til þess að flytja boðskap sinn  
<sup>15</sup> og gerði þeim kleift að lækna fólk af veikindum og reka út djöfla.  
<sup>16</sup> Þessir tólf lærisveinar voru Símon (sem Jesús gaf nafnið Pétur),  
<sup>17</sup> Jakob og Jóhannes Sebedeussynir (sem hann kallaði „boargenes“, sem þýðir „þrumusynirir“),  
<sup>18</sup> Andrés, Filippus, Bartólómeus, Matteus, Tómas, Jakob Alfeusson, Taddeus, Símon Kanaaníti  
<sup>19</sup> og Júdas Íscharíot, sem átti eftir að svíkja hann.  
<sup>20</sup> Eftir að þeir voru komnir heim flyktist svo mikill fjöldi fólks að Jesú að þeir höfðu ekki einu sinni næði til þess að borða.  
<sup>21</sup> Ættingjar hans sem fréttu af þessu reyndu að tala um fyrir honum.  
<sup>22</sup> Jerúsalemsku kennararnir í lögnum sögðu að hann væri andsetinn, og að þegar hann henti djöfum út úr fólki hlyti hann að vera að nota mátt djöflanna sjálfra.  
<sup>23</sup> Jesús kallaði þá til sín og útskýrði þetta fyrir þeim með dæmisögu. „Hvernig ætti Satan að geta kastað sjálfum sér út?“ spurði hann þá.  
<sup>24</sup> „Lið sem rís upp á móti sjálfu sér fellur fljótlega  
<sup>25</sup> og hús sem rís upp á móti sjálfu sér hrynur fljótlega.“

**3:1** Matt 12:9-14; Lúk 6:6-11    **3:2** Lúk 6:7; Lúk 14:1    **3:3** Matt 12:13; Lúk 6:8    **3:4** Matt 12:10; Lúk 6:9    **3:4** Jesús setur upp einfalda síðferðisspurningu: hviðardagurinn snýst um líf og gæði, ekki reglur sem koma í veg fyrir að hjálpa öðrum. Þögn þeirra sýnir að þeir voru ekki tilbúnir að viðurkenna réttlæti Jesú.    **3:5** Matt 12:13; Lúk 6:10    **3:5** „Reiði og sorg“ – Jesús sýnir sterkar tilfinningar vegna hörku fólks sem setur reglur fram yfir líf. Þetta sýnir mannlegar tilfinningar hans.    **3:6** Matt 12:14; Lúk 6:11; Jóh 11:53    **3:6** „Heródesarmenn“ voru stuðningsmenn Heródesar Antipas (svæðisstjóri Galíleu) og pólitískir samstarfsmenn farísea, sem annars voru oft ósámmála. Þetta er fyrsta merkið um sameinaða áætlun um að drepa Jesú.    **3:7** Matt 4:25; Matt 12:15; Lúk 6:17    **3:8** Matt 4:25; Mark 5:20    **3:9** Mark 4:1    **3:10** Mark 5:28; Mark 6:56    **3:11** Matt 8:29; Mark 1:24; Lúk 4:41    **3:11** „Sonur Guðs“ – jafnvel óhreinu andarnir þekkja hver Jesús er, en Jesús bannar þeim að segja það upphátt (v. 12). Hann vill ekki að fólk skilji hann (ekki bara sem kraftaverkamaður heldur sem Messías).    **3:12** Mark 1:25; Mark 1:34    **3:13** Matt 10:1-4; Lúk 6:12-16    **3:14** Mark 6:7; Lúk 9:1    **3:15** Matt 10:1; Lúk 9:1    **3:16** Matt 10:2-4; Lúk 6:13-16; Post 1:13    **3:17** „Þrumusynirir“ - Jóhannes og Jakob voru líklega ákafir og sterkir persónuleikar.    **3:19** Ætkvíslir Ísraels eru tólf. Jesús stofnar nýtt „Ísrael“ með tólf lærisveinum.    **3:20** Mark 6:31    **3:21** Jóh 7:5; Jóh 10:20    **3:21** „Ættingjar hans“ (líklega móðir og bræður) skildu ekki boðun Jesú á þessum tíma. Þeir héldu hann væri „galinn“, m.a. vegna þess mikla mannfjölda sem kom til Jesú.    **3:22** Matt 9:34; Matt 12:24; Lúk 11:15    **3:22** „Beelsebúb“ var upphaflega nafn á filistískum guði („herra flugnanna“), en Gyðingar notuðu það sem nafn á höfðingja djöflanna (Satan). Þeir ásaaka Jesú um að nota djöfullegan kraft.    **3:23** Matt 12:25-29; Lúk 11:17-22

<sup>26</sup> Ef Satan risi upp á móti sjálfum sér yrði hann fljótlega búinn að vera.

<sup>27</sup> Það er ekki hægt að brjótast inn hjá sterkum manni og ræna hann án þess að binda fyrst þennan sterka eiganda hússins.

<sup>28</sup> Muniði þetta: Fólk getur fengið fyrirgefningu fyrir allar syndir sínar og guðlast

<sup>29</sup> en guðlast gegn heilögum anda verður aldrei fyrirgefið. Sá sem gerir það verður dæmdur í samræmi við það.“

<sup>30</sup> Þetta sagði hann vegna þess að þeir sögðu að hann væri andsetinn af óhreinum anda.

<sup>31</sup> Bræður Jesú og móðir hans komu og báðu um að Jesús yrði sóttur til að koma út og tala við þau.

<sup>32</sup> Þegar Jesú var sagt að móðir hans og bræður væru fyrir utan og vildu tala við hann

<sup>33</sup> svaraði hann: „Hver er móðir mín og hverjir eru bræður mínir?“

<sup>34</sup> Hann leit á fólkíð sem umkringdi hann. „Jú,“ sagði hann, „þetta héra eru móðir mín og bræður mínir,

<sup>35</sup> vegna þess að það er sá sem gerir vilja Guðs sem er bróðir minn, systir mín eða móðir mín.“

## 4

<sup>1</sup> Síðar var Jesús aftur að kenna við vatnið. Svo mikill fjöldi manns kom að hlusta á kennslu hans að hann neyddist til að fara á bát út á vatnið og kenna þaðan meðan fólkíð hlustaði á hann af ströndinni.

<sup>2</sup> Hann notaði ýmsar líkingar og dæmisögur til að kenna þeim og sagði:

<sup>3</sup> „Einu sinni var bóndi sem fór út að sá fræjum.

<sup>4</sup> Þegar hann dreifði fræjunum lentu sum þeirra útaf – og fuglarnir komu og átu þau fræ.

<sup>5</sup> Önnur fræ lentu ekki í djúpri mold heldur í þunnu moldarlagi með grjóti undir. Þau spruttu fljótt upp vegna þess að moldin yfir grjótinu var mjög grunn

<sup>6</sup> en þegar sólin skein á spírunar visnuðu þær fljótt og dóu vegna þess að þær höfðu engar rætur.

<sup>7</sup> Enn önnur fræ lentu innan um illgresi, sem kæfði spírunar þannig að þær náðu ekki að spretta.

<sup>8</sup> En önnur fræ lentu í djúpri og góðri mold, þar sem þau spíruðu og urðu að sterkum og heilbrigðum plöntum sem gáfu af sér mikinn og góðan ávöxt.

<sup>9</sup> Hugsíð um það sem þið hafið heyrt og veltið því vel fyrir ykkur.“

<sup>10</sup> Seinna, þegar þeir voru orðnir einir, spurðu lærisveinarnir Jesú út í þessa dæmisögu.

<sup>11</sup> „Þið hafið kannski fengið að skilja leyndarmál konungsríkis Guðs,“ sagði hann, „en allir hinir fá þessa dæmisögu til þess að útskýra þetta fyrir þeim.

<sup>12</sup> Þeir horfa án þess að sjá og heyrja án þess að skilja, en með þessu fá þeir sem það vilja tækifæri til þess að snúa sér frá syndum sínum og fá fyrirgefningu.

<sup>13</sup> Skiljið þið enn ekki dæmisöguna?“ spurði hann lærisveinana. „Hvernig ætlið þið þá að skilja allar hinar dæmisögurnar?

<sup>14</sup> Fræin sem bóndinn sáir eru orð Guðs.

<sup>15</sup> Fræin sem lenda útaf eru fólkíð sem heyrir þetta orð en Satan kemur síðan um leið og rífur upp orðið sem var sáð í hjörtu þess.

<sup>16</sup> Síðan eru það fræin sem lenda í grunnu moldinni. Þau eru fólkíð sem heyrir orðið og bregst vel við því í fyrstu,

<sup>17</sup> en það tímablið varir stutt vegna þess að það hefur engar rætur. Um leið og það lendir í einhverjum erfiðleikum vegna orðsins missir það áhugann.

<sup>18</sup> Fræin sem lenda í illgresinu eru fólkíð sem heyrir orðið

**3:26** Matt 12:26; Lúk 11:18    **3:27** Matt 12:29; Lúk 11:21-22    **3:27** Jesús snýr ásökuninni við: ef hann rekur djöfla út, þá er hann sterkari en Satan („sterki maðurinn“). Það sýnir að Guðs ríki er að sigra illskuna.    **3:28** Matt 12:31-32; Lúk 12:10    **3:29** Heb 6:4-6; 1Jón 5:16    **3:29** „Synd gegn Heilögum anda“. Þetta er að hafna algjörlega vinnu Heilags Anda (t.d. neita að viðurkenna að Jesús vinnur með krafti Guðs). Það er ekki ein stök synd heldur ástand hjartans sem neitar fyrirgefningu.    **3:31** Matt 12:46-50; Lúk 8:19-21    **3:34** Matt 12:49; Lúk 8:21    **3:35** Matt 12:50; Lúk 8:21; Róm 8:29; Heb 2:11    **3:35** Jesús endurskilgreinir „fjölskyldu“: ekki bara blóðbönd heldur að gera vilja Guðs. Þetta eru stór skilaboð um nýtt samfélag, kirkjuna sem „Guðs fjölskylda“.    **4:1** Matt 13:1-2; Lúk 8:4    **4:2** Matt 13:3    **4:3** Matt 13:3; Lúk 8:5    **4:4** Matt 13:4    **4:5** Matt 13:5    **4:6** Matt 13:6    **4:7** Matt 13:7    **4:8** Matt 13:8    **4:9** Matt 11:15; Matt 13:9; Lúk 8:8    **4:9** „Hver sem hefur eyru til að heyrja“ – Jesús notar þetta oft til að hvetja fólk til að hlusta djúpt og skilja, ekki bara að heyrja orðin.    **4:10** Matt 13:10; Lúk 8:9    **4:11** Matt 13:11; Lúk 8:10    **4:12** Jes 6:9-10; Matt 13:14-15; Lúk 8:10; Jón 12:40; Róm 11:8    **4:12** Tilvitnun í Jesaja 6:9-10. Jesús notar þessa tilvitnun til að útskýra að dæmisögurnar hans fela leyndarmál fyrir þeim sem vilja ekki skilja, en opinberar fyrir þeim sem leita, hlusta og vilja skilja.    **4:13** Matt 13:18    **4:14** Matt 13:19; Lúk 8:11    **4:15** Matt 13:19; Lúk 8:12    **4:16** Matt 13:20; Lúk 8:13    **4:17** Matt 13:21; Lúk 8:13    **4:18** Matt 13:22; Lúk 8:14

<sup>19</sup> en áhyggjurnar í lífinu, og ýmsar freistingar eins og peningar, læðast að því og kæfa orðið þannig að það nær ekki að spretta í lífi þess.

<sup>20</sup> En fræin sem lenda í djúpu og góðu moldinni eru fólkið sem heyrir orðið, tekur við því og ber þess vegna mikinn og góðan ávöxt.“

<sup>21</sup> „Mynduð þið fela lampa undir fötu eða undir rúmi?“ spurði hann þá. „Mynduð þið ekki setja hann eitthvert þar sem hann gæti lýst?

<sup>22</sup> Það er ekkert falíð sem verður ekki gert opinbert.

<sup>23</sup> Hugsuð vel um það sem þið hafið heyrt.“

<sup>24</sup> Síðan sagði hann: „Það sem þið hafið heyrt er ofboðslega mikilvægt. Þið verðið mældir í samræmi við það hvernig þið mælið sjálfir - þeir sem heyra munu fá meira.

<sup>25</sup> Sá sem hefur eitthvað fær meira, og sá sem hefur ekki neitt missir það litla sem hann hafði.“

<sup>26</sup> Og hann sagði: „Konungsríki Guðs er eins og þegar maður kastar fræjum á jörðina.

<sup>27</sup> Hann fer leiðar sinnar, dagarnir líða og fræin vaxa og dafna án þess að hann viti af því.

<sup>28</sup> Plönturnar spretta af sjálfum sér upp úr jörðinni – fyrst stönglarnir, svo blómin, og loks ávextirnir sjálfir.

<sup>29</sup> En þegar ávextirnir eru komnir fram kemur maðurinn og tínr þá, því þá eru þeir orðnir fullþroskaðir.“

<sup>30</sup> Og hann sagði: „Hvað er hægt að bera konungsríki Guðs saman við? Hvernig er best að lýsa því?

<sup>31</sup> Það er eins og pínulítið fræ sem er sáð í jörðina

<sup>32</sup> en þegar það sprettur og vex verður það stærra en allar hinar plönturnar - það verður á endanum að risastóru tré með svo stórar greinar að fuglarnir safnast saman á þeim.“

<sup>33</sup> Hann sagði þeim fjölmargar aðrar dæmisögur, eins margar og þeir gátu skilið.

<sup>34</sup> Hann talaði til fólksins í dæmisögum, en seinna þegar þeir voru einir útskýrði hann dæmisögurnar fyrir lærisveinum.

<sup>35</sup> Seinna þennan sama dag, um kvöldið, sagði hann við þá að þeir skyldu fara yfir vatnið.

<sup>36</sup> Þegar mannfjöldinn var farinn lögðu þeir af stað með honum yfir vatnið á litlum bátum.

<sup>37</sup> Skyndilega sigldu þeir inn í mikið hvassviðri – öldurnar skullu á skipinu svo vatnið flæddi inn yfir borðstokkinn.

<sup>38</sup> Lærisveinarnir flýttu sér að vekja Jesú, sem lá aftast í bátinum og svaf. „Kennari!“ hrópuðu þeir. „Við erum að sökkva, er þér alveg sama?“

<sup>39</sup> Jesús vaknaði og skipaði bæði vindinum og vatninu að lægja sig. Um leið lægði vindinn og allt varð kyrrt og hljótt úti á vatninu.

<sup>40</sup> „Við hvað eruð þið svona hræddir?“ spurði hann lærisveinana. „Hafið þið svona litla trú?“

<sup>41</sup> Þeir urðu mjög skelkaðir. „Hver er þessi maður eiginlega?“ spurðu þeir hver annan. „Meira að segja vindarnir og vatnið hlýða honum.“

---

**4:19** Matt 13:22; Lúk 8:14    **4:20** Matt 13:23; Lúk 8:15    **4:20** Líkingin um sáðmanninn sýnir mismunandi viðbrögð við boðskapnum um konungsríki Guðs: sumir hafna, sumir gleðjast stutt, sumir láta heiminn kæfa það, en þeir sem taka við bera mikinn ávöxt.    **4:21** Matt 5:15; Lúk 8:16; Lúk 11:33    **4:22** Matt 10:26; Lúk 8:17    **4:23** Matt 11:15; Mark 4:9    **4:24** Matt 7:2; Lúk 6:38    **4:24** „Gætið að því sem þið heyrðið“ – hversu vel við hlustum og tókum við mótar hvfersu mikið við skiljum orð Guðs.    **4:25** Matt 13:12; Matt 25:29; Lúk 8:18    **4:26** Mark 4:3-8    **4:27** Jón 3:8    **4:28** 2Sam 23:4    **4:29** Jóel 3:13; Matt 13:39-43; Upph 14:15    **4:29** Konungsríki Guðs vex sjálft – Guð vinnur í bakgrunninum, en uppskeran kemur þegar tíminn er réttur (dómur og endalok).    **4:30** Matt 13:31-32; Lúk 13:18-19    **4:31** Matt 13:31    **4:31** Orðrétt mustarðsfræ.    **4:32** Matt 13:32; Dan 4:21    **4:32** Mustarðsfræ er mjög lítið, en verður stórt tré. Konungsríki Guðs byrjar lítið (með Jesú og tólf) en vex til að verða stórt og veita mörgum skjól.    **4:33** Matt 13:34    **4:34** Matt 13:36    **4:34** Jesús notar líkingar til að kenna almenningi, en útskýrir fyrir lærisveinum sínum. Þetta sýnir að djúpur skilningur kemur með persónulegu samfélagi við Jesú.    **4:35** Matt 8:18; Lúk 8:22    **4:36** Matt 8:23    **4:37** Matt 8:24; Lúk 8:23    **4:38** Matt 8:25; Lúk 8:24    **4:38** Jesús sefur friðsælt í stormi. Þetta sýnir fullkomna trú og traust á föður sinn. Lærisveinarnir eru hræddir og velta því fyrir sér hvort Jesú sé sama um þá.    **4:39** Matt 8:26; Lúk 8:24; Slm 107:29    **4:39** Jesús skipar náttúrunni. Þetta sýnir guðlegt vald yfir sköpuninni, eins og Guð í GT (t.d. Slm 107).    **4:40** Matt 8:26; Lúk 8:25    **4:41** Matt 8:27; Lúk 8:25    **4:41** Lærisveinarnir eru enn hissa og hræddir. Þetta er byrjun á skilningi þeirra á því hver Jesús er: ekki bara kennari heldur Guð sjálfur.

## 5

- 1 Þeir komu yfir á hinn enda vatnsins, í land Gerasena.
- 2 Um leið og hann steig upp úr bátum mætti honum maður úr gröfunum með óhreinan anda.
- 3 Hann bjó í gröfunum og enginn gat lengur bundið hann, ekki einu sinni með keðjum.
- 4 Hann hafði oft verið bundinn fótjárnum og keðjum, en hann reif sundur keðjurnar og braut fótjárnin. Enginn var nógu sterkur til að hemja hann.
- 5 Allan daginn og nóttina var hann í gröfunum og á fjöllumum og öskraði og barði sjálfan sig með grjóti.
- 6 Þegar hann sá Jesú úr fjarlægð kom hann hlaupandi og féll niður við fætur hans.
- 7 Svo öskraði hann hátt: „Hvað viltu mér, Jesús, sonur Guðs hins hæsta? Ég bið þig í Guðs nafni, þú mátt ekki þjaka mig!“
- 8 Jesús hafði nefnilega sagt við hann: „Farðu út úr honum, þú óhrei ni!“
- 9 Jesús spurði hann: „Hvað heitir þú?“ Hann svaraði: „Ég heiti her, við erum margir.“
- 10 Og hann bað hann ákaft að senda þá ekki úr landinu.
- 11 Þar var stór svínahjörð að éta á fjallinu.
- 12 Djöflarnir báðu hann og sögðu: „Sendu okkur í svínin svo við getum farið inn í þau.“
- 13 Og hann leyfði þeim það. Óhreinu andarnir fóru þá út og inn í svínin. Og hjörðin, um tvö þúsund, hrundi fram af brúninni niður í vatnið og druknaði í vatninu.
- 14 Svínahjörðarnir flúðu og sögðu frá þessu í borgum og bæjum. Fólkíð kom út að sjá hvað hafði gerst.
- 15 Þeir komu til Jesú og sáu manninn sem hafði verið haldinn af djöflunum, hann sem hafði haft heila hersveit í sér, sitja þar, klæddan og með fullu viti. Þeir urðu hræddir.
- 16 Þeir sem höfðu séð þetta sögðu þeim frá því sem gerst hafði við manninn sem var haldinn af djöflunum og við svínin.
- 17 Og þeir fóru að biðja hann að yfirgefa land þeirra.
- 18 Þegar hann steig inn í bátinn bað sá sem hafði verið haldinn af djöflunum að fá að fara með honum.
- 19 En Jesús leyfði honum það ekki og sagði við hann: „Farðu heim til fólksins þíns og segðu þeim frá því sem Drottinn hefur gert fyrir þig og hvernig hann hefur miskunnað þér.“
- 20 Og hann fór og byrjaði í Dekapólís að segja frá öllu sem Jesús hafði gert fyrir hann. Og allir voru mjög hissa.
- 21 Þegar Jesús hafði farið aftur í bát yfir vatnið safnaðist mikill mannfjöldi til hans. Hann var við vatnsbakkann.
- 22 Þá kom einn af samkomustjórunum, Jairus að nafni. Þegar hann sá Jesú féll hann niður við fætur hans
- 23 og bað hann ákaft: „Dóttir mín er að deyja. Komdu og leggðu hendur þínar á hana svo hún lækni og lifi.“
- 24 Jesús gekk með honum. Mikill mannfjöldi fylgdi honum og þrængdi að honum.
- 25 Þar var kona sem hafði haft blæðingar í tólf ár.
- 26 Hún hafði þjáðst mikið af mörgum læknum og eytt öllu sem hún átti, en þetta hafði bara versnað hjá henni.

5:1 Matt 8:28-34; Lúk 8:26-39 5:1 „Gerasena“ (eða Gerasa/Gadara í sumum handritum) er svæði austan við Galileuvatn, í Dekapólís (tíu borgum) – ekki gyðingasvæði, heldur meðal heiðinga, sem útskýrir svínahjörðina. 5:2 Matt 8:28; Lúk 8:27 5:3 Lúk 8:29 5:4 Lúk 8:29 5:5 Lúk 8:29 5:5 Maðurinn var í mikilli andlegri og líkamlegri þjáningu – gröfurnar voru oft óhreinar staðir, og sjálfsskaðinn sýnir hversu illa djöflarnir höfðu ráðið yfir honum. 5:6 Matt 8:29; Lúk 8:28 5:7 Matt 8:29; Lúk 8:28; Mark 1:24 5:7 „Sonur Guðs hins hæsta“ – jafnvel djöflarnir þekja hver Jesú er og eru hræddir við hann. Þeir biðja um miskunn. 5:8 Mark 1:25 5:9 Lúk 8:30 5:9 „Her“ (legion) þýðir her hersveit – um 6000 hermenn. Þetta sýnir að margir djöflar voru í manninum, sem gerir hann afar sterkan og hættulegan. 5:10 Lúk 8:31 5:11 Matt 8:30; Lúk 8:32 5:12 Matt 8:31 5:13 Matt 8:32; Lúk 8:33 5:13 Svín voru óhrein dýr fyrir Gyðinga – Jesús leyfir djöflunum að fara í þau, sem leiðir til eyðileggingar. Þetta sýnir vald hans yfir djöflum og að illskan eyðileggur það sem hún tekur yfir. 5:14 Matt 8:33; Lúk 8:34 5:15 Matt 8:34; Lúk 8:35 5:16 Lúk 8:36 5:17 Matt 8:34; Lúk 8:37 5:17 Fólkíð óttast kraft Jesú meira en djöflana – þeir vilja frekar missa svínin (hagkerfið) en að hann breyti neinu í lífi þeirra. 5:18 Lúk 8:38 5:19 Lúk 8:39 5:19 Jesús sendir hann heim sem „fyrsta boðberann“ í heiðingjasvæðinu – hann á að segja frá miskunni Guðs, sem sýnir að Jesús kemur líka til þeirra sem ekki eru Gyðingar. 5:20 Matt 4:25 5:21 Matt 9:1; Lúk 8:40 5:22 Matt 9:18; Lúk 8:41 5:23 Matt 9:18; Lúk 8:42 5:24 Matt 9:19; Lúk 8:42 5:25 Matt 9:20; Lúk 8:43 5:25 Blæðingar gerðu hana ritulega óhreina samkvæmt lögmálinu (3Mós 15) – hún mátti ekki snerta fólk eða vera í samfélagi. Hún hafði þjáðst lengi og eytt öllu. 5:26 Lúk 8:43

<sup>27</sup> Þegar hún heyrði um Jesú kom hún að baki hans í mannfjöldanum og snerti klæði hans.

<sup>28</sup> Hún sagði við sjálfa sig: „Ef ég bara get snerti klæði hans þá læknað ég.“

<sup>29</sup> Og strax stöðvaðist blæðingin og hún fann í líkamanum að hún var læknuð.

<sup>30</sup> Jesús skynjaði strax í sjálfum sér að kraftur hafði farið frá honum. Hann sneri sér við í mannfjöldanum og sagði: „Hver snerti klæði mín?“

<sup>31</sup> Lærísveinar hans svöruðu: „Þú sérð hvernig mannfjöldinn þrengir að þér, og þú spyrð: Hver snerti mig?“

<sup>32</sup> Hann leit í kringum sig til að sjá hver hefði snert hann.

<sup>33</sup> Konan, sem vissi hvað hafði gerst, kom skjálfandi og óttaslegin, féll niður við fætur hans og sagði honum allt eins og var.

<sup>34</sup> Hann sagði við hana: „Dóttir, trú þín hefur læknað þig. Farðu í friði og vertu heil af sjúkdómi þínum.“

<sup>35</sup> Meðan hann sagði þetta koma menn frá samkomustjóranum og segja: „Dóttir þín er dái. Hvers vegna truflar þú meistaran lengur?“

<sup>36</sup> Jesús heyrði þetta og sagði strax við samkomustjóran: „Vertu ekki hræddur, trúðu aðeins.“

<sup>37</sup> Hann leyfði engum að fylgja sér nema Pétri, Jakobi og bróður Jakobs, Jóhannesi.

<sup>38</sup> Þeir komu til húss samkomustjórans og sáu mikla óreiðu og fólk grátandi og veinandi hátt.

<sup>39</sup> Hann gekk inn og sagði við þau: „Hvers vegna eru þið að gráta og með hávaða? Barnið er ekki dáð, það sefur.“

<sup>40</sup> Þau hlógu að honum. En hann rak þá alla út, tók með sér föður og móður barnsins og þá sem voru með honum og gekk inn til barnsins.

<sup>41</sup> Hann tók í hönd barnsins og sagði við það: „Talíta kúm,“ sem þýðir: „Litla stúlka, ég segi þér, ris upp!“

<sup>42</sup> Og strax stóð stúlkan upp og gekk um – hún var tólf ára. Þeir urðu strax mjög hissa.

<sup>43</sup> Hann bannaði þeim stranglega að segja neinum frá þessu og sagði að gefa henni eitthvað að borða.

## 6

<sup>1</sup> Jesús fór þaðan og kom til heimabæjar síns. Lærísveinar hans fylgdu honum.

<sup>2</sup> Þegar hvíldardagurinn kom byrjaði hann að kenna í samkomuhúsinu. Margir sem hlustuðu urðu mjög hissa og sögðu: „Hvaðan fær þessi maður þetta? Hvaða speki er þetta sem hann hefur? Og hver eru þessi kraftaverk sem gerast fyrir hendur hans?“

<sup>3</sup> Er þetta ekki smiðurinn, sonur Maríu og bróðir Jakobs, Jósefs, Júdasar og Símonar? Og eru systur hans ekki hér hjá okkur?“ Þeir hneyksluðust á honum.

<sup>4</sup> Jesús sagði við þá: „Spámaður er ekki vanvirtur nema í heimabæ sínum og meðal ættingja sinna og hjá sinni eigin fjölskyldu.“

<sup>5</sup> Og hann gat ekki gert neitt kraftaverk þar, nema hann lagði hendur sínar á nokkra sjúka og læknaði þá.

<sup>6</sup> Og hann undraðist yfir vantrú þeirra. Hann fór um þorpin í kring og kenndi.

5:27 Matt 9:20; Lúk 8:44 5:28 Matt 9:21 5:29 Matt 9:22; Lúk 8:44 5:30 Lúk 8:46 5:30 Jesús finnur fyrir krafti sem fer frá honum – þetta sýnir að lækningin var ekki sjálfvirk heldur kom frá honum persónulega. 5:31

Lúk 8:45 5:32 Lúk 8:47 5:33 Lúk 8:47 5:34 Matt 9:22; Lúk 8:48 5:34 „Trú þín hefur læknað þig“ – Jesús leggur áherslu á trú hennar, ekki bara snertinguna. Hún er kölluð „dóttir“ – Jesús gefur henni virðingu og samfélag aftur.

5:35 Matt 9:18; Lúk 8:49 5:36 Lúk 8:50 5:37 Matt 17:1; Mark 9:2; Mark 13:3; Mark 14:33 5:38 Matt 9:23; Lúk 8:52 5:39 Matt 9:24; Lúk 8:52 5:39 „Það sefur“ – Jesús talar um dauða sem tímabundið svefn fyrir þá sem trúa.

Þetta er ekki afneitun dauða heldur yfirburði hans yfir honum. 5:40 Matt 9:25; Lúk 8:53 5:41 Lúk 8:54 5:41 „Talíta kúm“ er arameískt (tungumál Jesú) – Markús þýðir það fyrir lesendur sína. Jesús talar beint til barnsins, sem sýnir persónulegt vald hans yfir dauðanum. 5:42 Matt 9:25; Lúk 8:55 5:43 Matt 9:26; Mark 1:44; Mark 7:36 5:43

Jesús bannar að segja frá (messíu-leynileiki) og biður um matur – sýnir að hún er lifandi og þarf venjulega umönnun, ekki bara kraftaverk. 6:1 Matt 13:53-58; Lúk 4:16-30 6:2 Matt 13:54; Lúk 4:16 6:3 Matt 13:55-56; Jóh 6:42 6:3

Fólk í Nasaret þekkir Jesú sem „smiðinn“ (tekton = handverksmaður, oft smiður eða trésmiður) og son Maríu. Þau þekkja fjölskyldu hans og geta ekki samþykkt að hann sé spámaður eða Messías. Þetta leiðir til „hneykslunar“ (skandalizomai).

Þau trúa ekki því þau þykjast þekkja Jesú of vel og vita hver hann er. 6:4 Matt 13:57; Lúk 4:24; Jóh 4:44 6:4 Jesús vitnar í algenga reglu: fólk í eigin bæ eða fjölskyldu tekur oft ekki við spámönnum. Þau þekkja of vel bakgrunninn til að trúa. Þetta er stígvaxandi vanvirðing: fyrst í heimabænum (almenníngur). Síðan meðal ættingja (stærri fjölskylda). Að lokum í eigin húsi (mesta nándin – foreldrar, systkini, eigin kona og börn ef hann hefði átt fjölskyldu). 6:5 Matt 13:58

6:5 Jesús „gat ekki“ – ekki vegna vanmáttar hans heldur vegna vantrúar fólksins. Kraftaverk hans eru oft tengd við trú viðtakandans. 6:6 Matt 9:35

<sup>7</sup> Hann kallaði til sín lærisveinana tólf og byrjaði að senda þá út tvo og tvo. Hann gaf þeim vald yfir óhreinu öndunum

<sup>8</sup> og sagði þeim að taka ekkert með sér nema staf, hvorki brauð né bakpoka né peninga í beltinu

<sup>9</sup> heldur vera með skó á fótum en ekki tvo kyrtla.

<sup>10</sup> Og hann sagði við þá: „Hvar sem þið komið inn í hús, verið þar þangað þið farið þaðan.“

<sup>11</sup> Og hvar sem þeir ekki taka við ykkur né hlusta á ykkur, þá farið þaðan og hristið rykið af fótum ykkar til að aðskilja ykkur frá þeim.

<sup>12</sup> Þeir fóru þá út og prédíkuðu að menn skyldu iðrast.

<sup>13</sup> Þeir ráku út marga djöfla og smurðu marga sjúka með olíu og læknuðu þá.

<sup>14</sup> Og Heródes konungur heyrði þetta (því nafn Jesú hafði orðið kunnugt), og hann sagði: „Jóhannes skírari er risinn frá dauðum, og þess vegna virka kraftaverk í gegnum hann.“

<sup>15</sup> En aðrir sögðu: „Hann er Elías.“ Aðrir sögðu: „Hann er spámaður, eins og einn af spámönnum fyrri tíma.“

<sup>16</sup> En þegar Heródes heyrði þetta sagði hann: „Þetta er Jóhannes, sem ég lét hálshöggva. Hann er risinn frá dauðum.“

<sup>17</sup> Því Heródes hafði sjálfur sent menn og handtekið Jóhannes og bundið hann í fangelsi vegna Herodíasar, konu Filippusar bróður síns, því hann hafði gifts henni.

<sup>18</sup> Jóhannes hafði sagt Heródesi: „Þér er ekki leyfilegt að eiga konu bróður þíns.“

<sup>19</sup> Herodías reiddist Jóhannesi og vildi láta drepa hann, en gat það ekki.

<sup>20</sup> Því Heródes óttaðist Jóhannes og virti hann, vissi að hann var réttlátur og heilagur maður, og verndaði hann. Og þegar hann hlustaði á hann varð hann mjög ráðvilltur, en hlustaði samt hugfanginn á hann.

<sup>21</sup> En svo kom tækifærið sem Herodías hafði beiðið eftir. Þegar Heródes átti afmæli, hélt hann veislu fyrir höfðingja sína, herforingja og fyrimenni í Galíleu.

<sup>22</sup> Þegar dóttir Herodíasar kom inn og dansaði, líkaði Heródesi og gestum hans það vel. Konungurinn sagði við stúlkuna: „Biddu mig um hvað sem þú vilt, og ég gef þér það.“

<sup>23</sup> Hann lofaði henni: „Hvað sem þú biður um gef ég þér, allt að helmingi ríkis míns.“

<sup>24</sup> Hún gekk út og spurði móður sína: „Hvað á ég að biðja um?“ Hún svaraði: „Höfuð Jóhannesar skírara.“

<sup>25</sup> Hún hljóp strax inn til konungsins og bað: „Ég vil að þú gefir mér strax á diskum höfuð Jóhannesar skírara.“

<sup>26</sup> Konungurinn varð mjög hryggur, en vegna loforðsins og gestanna vildi hann ekki hafna henni.

<sup>27</sup> Hann sendi þegar lífvörð og skipaði að láta færa sér höfuð Jóhannesar.

<sup>28</sup> Sá fór í fangelsið og hjó af honum höfuðið,

<sup>29</sup> og kom með höfuðið á fati og gaf stúlkunni, og stúlkun móður sinni.

<sup>30</sup> Postularnir komu saman til Jesú og sögðu honum allt sem þeir höfðu gert og kennt.

<sup>31</sup> Hann sagði við þá: „Komið þið með mér á afskekktan stað og hvílið ykkur aðeins.“ Því margir voru að koma og fara, og þeir höfðu ekki einu sinni tíma til að borða.

<sup>32</sup> Þeir fóru í bát á afskekktan stað, einir.

<sup>33</sup> Margir sáu þá fara og þekktu þá. Fólk hljóp til úr öllum bæum og varð á undan þeim.

<sup>34</sup> Þegar Jesús steig upp úr bátinum sá hann mikinn mannfjölda og vorkenndi þeim, því þau voru eins og sauðir án hirðis. Og hann byrjaði að kenna þeim margt.

6:7 Matt 10:1; Lúk 9:1    6:8 Matt 10:9-10; Lúk 9:3    6:9 Matt 10:10    6:10 Matt 10:11; Lúk 9:4    6:11 Matt 10:14; Lúk 9:5; Post 13:51    6:11 „Hristið rykið af fótum“ er táknræn athöfn sem sýnir að sendiboðarnir eru ekki lengur ábyrgir fyrir boðskapnum; dómurinn er eftir hjá þeim sem hafnar honum.    6:12 Matt 3:2; Mark 1:15    6:13 Jak 5:14  
6:13 Smurning með olíu var algeng lækningaráferð í Gyðingatrú (tengd blessun og miskunn Guðs). Lærisveinarnir nota hana með valdi Jesú.    6:14 Matt 14:1-2; Lúk 9:7-9    6:15 Mal 4:5; Matt 16:14; Lúk 9:8    6:16 Matt 14:2; Lúk 9:9  
6:17 Matt 14:3; Lúk 3:19-20    6:18 3Mós 18:16; 3Mós 20:21    6:19 Matt 14:5    6:20 Matt 14:5    6:20 Heródes er í innri átökum – hann virðir Jóhannes sem réttlátan en gerir samt rangt. Þetta sýnir hvernig vald og synd geta blandast saman.    6:21 Matt 14:6    6:22 Matt 14:6-7    6:23 Est 5:3; Est 7:2    6:24 Matt 14:8    6:25 Matt 14:8    6:26 Matt 14:9    6:27 Matt 14:10    6:28 Matt 14:10    6:29 Matt 14:11    6:30 Lúk 9:10    6:30 „Postularnir“ – postular eru þeir sem eru sendir. Hér lærisveinarnir tólf nefndir „postular“ eftir að hafa verið sendir út í fyrsta skiptið.    6:31 Mark 3:20; Matt 14:13    6:32 Matt 14:13; Lúk 9:10    6:33 Matt 14:13; Lúk 9:11    6:34 Matt 9:36; Matt 14:14; Lúk 9:11; 4Mós 27:17; Esek 34:5    6:34 „Sauðir án hirðis“ – Jesús sér að fólkíð ratar ekki rétta leið og þarf leiðsögn. Hann kennir þeim fyrst, síðan sér hann þeim fyrir líkamlegri næringu.

<sup>35</sup> Seint um daginn komu lærisveinarnir til hans og sögðu: „Staðurinn er afskekktur og orðið áliðið.

<sup>36</sup> Sendu fólkið í burtu svo þau geti keypt sér eitthvað að borða í bæjum og þorpum hér í kring.“

<sup>37</sup> Hann svaraði: „Gefið þið þeim að borða.“ Þeir sögðu: „Eigum við að fara og kaupa brauð fyrir tvö hundruð dagsverk og gefa þeim að borða?“

<sup>38</sup> Hann sagði við þá: „Hversu mörg brauð hafið þið? Farið og gáið.“ Þegar þeir komu aftur sögðu þeir: „Fimm brauð og tvo fiska.“

<sup>39</sup> Hann sagði þeim að láta fólkið setjast niður í grænum grasflötum, hóp eftir hóp.

<sup>40</sup> Þeir settust niður í fimmtíu og hundruð manna hópum.

<sup>41</sup> Jesús tók brauðin fimm og fiskana tvo, leit upp til himins, þakkaði, braut brauðin og gaf lærisveinum sínum til að bera fram fyrir fólkið. Hann skipti líka fiskunum á milli þeirra allra.

<sup>42</sup> Allir átu og urðu saddir.

<sup>43</sup> Á eftir sófnuðu þeir saman tólf fullum körfum af brauðbitum og fiski.

<sup>44</sup> Þeir sem átu brauðið voru um fimm þúsund karlar.

<sup>45</sup> Hann sendi lærisveina sína strax í bátinn og yfir á hinn bakann til Betsáida, á meðan hann sendi mannfjöldann heim.

<sup>46</sup> Eftir að hann hafði kvatt þá fór hann upp á hæð til að biðjast fyrir.

<sup>47</sup> Þegar kvöld var komið var báturinn á miðju vatninu og hann einn á landi.

<sup>48</sup> Hann sá þá erfiða við róðurinn vegna mótvindsins. Eftir kl.3 um nóttina kom hann til þeirra, gekk á vatninu, og vildi fara framhjá þeim.

<sup>49</sup> Þegar þeir sáu hann ganga á vatninu héldu þeir að þetta væri draugur og öskruðu.

<sup>50</sup> Því allir sáu hann og urðu hræddir. En hann talaði strax við þá og sagði: „Verið hughraustir, það er ég! Verið ekki hræddir!“

<sup>51</sup> Hann steig upp í bátinn til þeirra og stormurinn hætti. Þeir urðu mjög undrandi og hissa.

<sup>52</sup> Þeir höfðu ekki skilið þetta með brauðin, því hjörtu þeirra voru treg.

<sup>53</sup> Þeir komu yfir á bakkann hinumegin og lögðu að landi í Genesaret.

<sup>54</sup> Þegar þeir stigu upp úr bátum þekkti fólkið hann strax.

<sup>55</sup> Fólk hljóp um allt svæðið og færði sjúka á börum til hans, hvar sem hann var.

<sup>56</sup> Og hvar sem Jesús kom inn í þorp eða bæ lögðu þeir sjúka við götuna og báðu hann að fá að snerta bara brúnina á fótum hans. Og allir sem snertu hann urðu heilbrigðir.

## 7

<sup>1</sup> Þá komu saman til hans farisear og nokkrir kennarar í lögnum sem komu frá Jerúsalem.

<sup>2</sup> Þeir sáu að sumir lærisveinar hans borðuðu með óhreinum (þ.e. óþvegnum) höndum.

<sup>3</sup> (Farisear og allir Gyðingar borða ekki nema þvo sér fyrst vandlega um hendurnar, þeir halda fast við hefð forfeðranna.)

<sup>4</sup> Og þegar þeir koma frá markaðnum borða þeir ekki fyrr en þeir hafa þvegið sér. Þeir hafa margar aðrar hefðir sem þeir halda: að þvo bolla, krúsir, koparílát og rúm.

<sup>5</sup> Farisearnir og kennarar í lögnum spurðu hann: „Af hverju fylgja lærisveinar þínir ekki hefðum forfeðra okkar, heldur borða þeir með óhreinum höndum?“

<sup>6</sup> Hann svaraði þeim: „Rétt spáði Jesaja um ykkur, hræsvara, eins og skrifað er:

<sup>7</sup> Þeir tilbiðja mig aðeins í orði, því þeir kenna kenningar manna sem boðorð.“

**6:35** Matt 14:15; Lúk 9:12    **6:36** Matt 14:15    **6:37** Matt 14:16-17; Lúk 9:13; Jóh 6:7    **6:38** Matt 14:17; Lúk 9:13;

Jóh 6:9    **6:39** Matt 14:19; Lúk 9:14    **6:40** Lúk 9:14    **6:41** Matt 14:19; Lúk 9:16; Jóh 6:11    **6:41** Jesús þakkar (eucharisteó) – þetta er fyrirmynd fyrir kvöldmáltíðina. Hann notar lítið til að metta marga.    **6:42** Matt 14:20; Lúk 9:17; Jóh 6:12    **6:43** Matt 14:20; Lúk 9:17; Jóh 6:13    **6:44** Matt 14:21; Jóh 6:10    **6:44** „Um fimm þúsund karlar“

– þetta er fyrri brauðmargföldunin í Markúsi (síðari í 8:9 fyrir 4000). Markús leggur áherslu á tvo mismunandi atburði.    **6:45** Matt 14:22; Jóh 6:17    **6:46** Matt 14:23; Lúk 6:12    **6:47** Matt 14:23    **6:48** Matt 14:24-25; Jóh 6:19    **6:48**

„Gekk á vatninu“ – Jesús sýnir vald yfir náttúrunni. „Vildi fara framhjá“ – hann prófar trú þeirra eða vill koma þeim á óvart.    **6:49** Matt 14:26    **6:50** Matt 14:27; Jóh 6:20    **6:51** Matt 14:32; Jóh 6:21    **6:52** Mark 8:17-21    **6:52** Lærisveinarnir skilja ekki brauðmargföldunina – hjörtu þeirra eru „treg“ (pepórómene) – þeir skilja ekki enn vald Jesú.    **6:53** Matt 14:34

**6:54** Matt 14:35    **6:55** Matt 14:35    **6:56** Matt 14:36; Mark 5:28; Lúk 8:44    **6:56** „Snerta brúnina á fótum hans“ – minnr á konuna með blæðingarnar (5:28). Trú fólksins leiðir til lækninga – Jesús er uppspretta lækninga.    **7:1** Matt 15:1

**7:2** Matt 15:2    **7:3** Matt 15:2    **7:4** Matt 15:2    **7:4** Farisear höfðu bætt við lögmálið með mörgum hefðum (t.d. handþvottur fyrir mat) til manneskja gæti talist „hrein.“ Þetta var ekki boðorð Móse heldur manngerð regla.    **7:5**

Matt 15:2    **7:6** Matt 15:7-8; Jes 29:13    **7:7** Jes 29:13

<sup>8</sup> „Þið yfirgefið boðorð Guðs og haldið fast við hefðir manna.“

<sup>9</sup> Hann sagði við þá: „Þið hafnið fallegu boðorði Guðs til að halda ykkar eigin hefðir.“

<sup>10</sup> Móse sagði: „Heiðra föður þinn og móður þína“ og „Sá sem bölvur föður eða móður skal deyja.“

<sup>11</sup> En þið segið: „Ef maður segir við föður sinn eða móður: Það sem þú hefðir fengið frá mér er Korban (þ.e. gjöf til Guðs).“

<sup>12</sup> Þá leyfið þið honum ekki lengur að gera neitt fyrir föður sinn eða móður.

<sup>13</sup> Þannig ónýtið þið orð Guðs með hefð ykkar sem þið hafið komið á. Og þið gerið margt annað slíkt.“

<sup>14</sup> Hann kallaði aftur mannfjöldann til sín og sagði við þá: „Hlýðið mér öll og skiljið.“

<sup>15</sup> Ekkert sem kemur inn í manninn utan frá getur óhreinnað hann. Heldur það sem kemur út úr manninum, það óhreinnað manninn.“

<sup>17</sup> Þegar hann kom inn frá mannfjöldanum spurðu lærisveinar hans hann um líkinguna.

<sup>18</sup> Hann sagði við þá: „Eru þið líka svona skilningslausir? Skiljið þið ekki að allt sem kemur inn í manninn utan frá getur ekki óhreinnað hann?“

<sup>19</sup> Því það kemur ekki inn í hjarta hans heldur í maga og fer út í salernið.“ (Þannig lýsti hann allan mat hreinan.)

<sup>20</sup> Og hann sagði: „Það sem kemur út úr manninum, það óhreinnað manninn.“

<sup>21</sup> Því innan frá, úr hjarta mannsins, koma illar hugsanir: losti, stuldur, morð,

<sup>22</sup> framhjáhald, ágirnd, illska, svik, siðspilling, ófund, róg, hroki og heimska.

<sup>23</sup> Allt þetta illa kemur innan frá og óhreinnað manninn.“

<sup>24</sup> Hann fór þaðan og fór til svæða Týrusar og Sídon. Hann gekk inn í hús og vildi að enginn vissi það, en hann gat ekki falið sig.

<sup>25</sup> Því strax kom kona með litla dóttur sína sem hafði óhreinan anda og féll niður við fætur hans.

<sup>26</sup> Konan var grísk, fædd í Sírylsku Föníkíu. Hún bað hann að reka djöfulinn úr dóttur hennar.

<sup>27</sup> Jesús sagði við hana: „Láttu fyrst börnin seðjast – það er ekki rétt að taka brauðið frá börnunum og kasta því fyrir hunda.“

<sup>28</sup> Hún svaraði: „Já, herra, en hundarnir undir borðinu éta mylsnuna frá börnunum.“

<sup>29</sup> Hann sagði við hana: „Fyrir þessa orð skaltu fara heim. Djöfulinn er farinn úr dóttur þinni.“

Og þegar hún kom heim fann hún barnið liggjandi í rúmi og djöfulinn farinn.

<sup>31</sup> Hann fór aftur frá landamærum Týrusar og gekk um Sídon til Galíleuvatns, í gegnum Dekapólís-svæðið.

<sup>32</sup> Þeir komu með til hans manni sem var heyrnarlaus og með mikinn talgalla, og báðu hann að leggja hönd sína á hann.

<sup>33</sup> Hann tók hann til hliðar frá mannfjöldanum, stakk fingrum sínum í eyru hans, spýtti á fingur sér og snerti svo tungu hans.

<sup>34</sup> Hann leit upp til himins, andvarpaði og sagði við hann: „Effata!“ (þ.e. „Láttu þig opnast!“).

<sup>35</sup> Þá opnuðust eyru hans og hindrun tungunnar losnaði, og hann talaði rétt.

<sup>36</sup> Jesús bannaði þeim að segja neinum frá þessu. En því meira sem hann bannaði því meira sögðu þeir frá.

---

**7:8** Matt 15:3    **7:9** Matt 15:3    **7:10** 2Mós 20:12; 2Mós 21:17; 3Mós 20:9; 5Mós 5:16    **7:11** Matt 15:5    **7:11** „Korban“ þýðir gjöf helguð Guði. Farísear leyfðu að lofa Guði peninga sem hefði átt að hjálpa fore. Þetta braut hinsvegar boðorðið um að heiðra foreldra sína. **7:12** Matt 15:5-6    **7:13** Matt 15:6    **7:13** Jesús gagnrýnir að manngerðar hefðir (ekki boðorð Guðs) komu í veg fyrir að elska og heiðra foreldra sína. Þetta sýnir hvernig reglur geta orðið mikilvægari en hjarta miskunnar. **7:14** Matt 15:10    **7:15** Matt 15:11    **7:15** Jesús breytir skilningi á „óhreinleika.“ Það er ekki matur eða þvottur heldur innra hjarta og hugsanir sem óhreinna manneskju. **7:17** Matt 15:15    **7:18** Matt 15:16    **7:19** Matt 15:17    **7:19** Markús útskýrir að Jesús hreinsaði allan mat. Þetta var stórt skref fyrir kristna Gyðinga: enginn matur er lengur „óhrein.“ **7:20** Matt 15:18    **7:21** Matt 5:21-22; Matt 15:19    **7:22** Matt 15:19    **7:23** Matt 15:20    **7:23** Jesús listar syndir sem koma úr hjartanu. Þetta sýnir að vandamálið er innra, ekki ytra (t.d. matur eða þvottur). **7:24** Matt 15:21    **7:25** Matt 15:22    **7:26** Matt 15:22    **7:27** Matt 15:26    **7:27** „Börn“ = Ísraelsmenn, „hundar“ = heiðingar (algengt myndmál). Jesús prófar trú hennar og leggur áherslu á forgang Gyðinga, en hann opnar síðan fyrir heiðingja. **7:28** Matt 15:27    **7:29** Matt 15:28    **7:29** Trú konunnar (og sniðugt svar) leiðir til lækningar. Jesús læknað barn án þess að barnið þurfi að vera nærri. **7:30** Matt 15:28    **7:31** Matt 15:29    **7:32** Mark 5:23    **7:33** Mark 8:23    **7:33** Þetta var algengt aðferð til að lækna á þessum tíma, en Jesús notar það til að sýna persónulegt vald. **7:34** Mark 8:12    **7:35** Mark 8:25    **7:36** Matt 9:30; Mark 1:44

<sup>37</sup> Og þeir urðu mjög hissa og sögðu: „Hann hefur gert allt vel. Hann lætur jafnvel heyrnarlausla heyra og mállausa tal.“

## 8

<sup>1</sup> Á þeim dögum safnaðist aftur saman mikill mannfjöldi. Þeir höfðu ekkert að borða. Jesús kallaði lærisveina sína til sín og sagði:

<sup>2</sup> „Ég vorkenni mannfjöldanum, því þeir hafa verið hjá mér þrjá daga án matar.

<sup>3</sup> Ef ég sendi þá svanga heim, munu þeir örmagnast á leiðinni; sumir hafa komið langa leið.“

<sup>4</sup> Lærisveinar hans svöruðu: „Hvaðan á maður að fá nóg brauð hér í eyðimörkinni?“

<sup>5</sup> Hann spurði þá: „Hversu mörg brauð hafið þið?“ Þeir svöruðu: „Sjö.“

<sup>6</sup> Þá skipaði hann mannfjöldanum að setjast niður. Hann tók brauðin sjö, leit upp til himins, þakkaði, braut þau og lét lærisveina sína bera þau fram fyrir mannfjöldann.

<sup>7</sup> Þeir höfðu líka nokkra smáfiska. Hann þakkaði og sagði að bera þá fram líka.

<sup>8</sup> Þeir átu og urðu saddir. Síðan tóku þeir upp sjö körfur fullar af brauðbitum.

<sup>9</sup> Þeir sem átu voru um fjögur þúsund. Síðan sendi hann þá heim.

<sup>10</sup> Hann steig strax í bátinn með lærisveinum sínum og fór til Dalmanúta-svæðisins.

<sup>11</sup> Farísearnir komu og fóru að rífast við hann. Þeir vildu að hann sannaði sig með merki frá himnum og helst að koma honum í vandræði.

<sup>12</sup> Hann andvarpaði djúpt innra með sér og sagði: „Hvers vegna krefst kynslóðin í dag merkis frá himnum? Ég segi ykkur afgerandi: Nei, það verður ekki.“

<sup>13</sup> Hann skildi þá eftir, steig aftur í bátinn og fór þvert yfir vatnið.

<sup>14</sup> Lærisveinarnir höfðu gleymt að taka með sér brauð, nema eitt brauð í bátinum.

<sup>15</sup> Jesús aðvaraði þá og sagði: „Varið ykkur á súrdeigi farísea og Heródesar.“

<sup>16</sup> Þeir ræddu sín á milli: „Af því að okkur vantar brauð.“

<sup>17</sup> Jesús skynjaði þetta og sagði við þá: „Hvers vegna eruð þið að ræða brauðleysið? Skiljið þið ekki enn? Eru þið enn svo skilningslausir?“

<sup>18</sup> Hafið þið augu og sjáið ekki? Hafið þið eyru og heyrið ekki? Munið þið ekki?

<sup>19</sup> Þegar ég braut fimm brauð fyrir fimm þúsund, hversu margar körfur fullar af brauðbitum tókuð þið upp?“ Þeir sögðu: „Tólf.“

<sup>20</sup> „Og þegar ég braut sjö brauð fyrir fjögur þúsund, hversu margar körfur fullar af brauðbitum tóku þið upp?“ Þeir sögðu: „Sjö.“

<sup>21</sup> Hann sagði við þá: „Skiljið þið ekki enn?“

<sup>22</sup> Þeir komu til Betsáida. Þeir komu með blindan mann til hans og báðu hann að snerta hann.

<sup>23</sup> Hann tók í hönd blindann mannsins og leiddi hann út úr þorpinu. Hann spýtti í augu hans, lagði hendur sínar á hann og spurði: „Sérðu eitthvað?“

<sup>24</sup> Hann leit upp og sagði: „Ég sé menn. Þeir líta út eins og gangandi tré.“

<sup>25</sup> Þá lagði Jesús aftur hendur sínar á augu hans og þau opnuðust. Hann fékk fullkomna lækningu og sá allt skýrt.

<sup>26</sup> Jesús sendi hann heim og sagði: „Farðu ekki inn í þorpið.“

---

**7:37** Jes 35:5-6 **7:37** „Hann hefur gert allt vel“ – orðin minna á sköpun Guðs (1Mós 1:31). Jesús uppfyllir spádóma um að Messías lækni heyrnarlausla og mállausa (Jes 35). **8:1** Matt 15:32-39 **8:2** Matt 15:32 **8:3** Matt 15:32 **8:4** Matt 15:33 **8:5** Matt 15:34 **8:6** Matt 15:35-36 **8:6** Jesús þakkar fyrir brauðið – þetta minnir á seinustu kvöldmáltíðina og sýnir hann sem uppsprettu blessunar og að Jesús er nóg, jafnvel í eyðimörk. **8:7** Matt 15:36 **8:8** Matt 15:37 **8:9** Matt 15:38 **8:9** Þetta er önnur stóra brauðmargföldunin (fyrri í 6:30-44 fyrir 5000). Jesús sýnir aftur að hann er nóg, nú fyrir minni hóp og á öðruvísi svæði. **8:10** Matt 15:39 **8:10** „Dalmanúta“ er líklega staðarnafn nálægt Magdala við Galileuvatn, vestan megin við vatnið. **8:11** Matt 16:1; Lúk 11:16 **8:12** Matt 16:4; Lúk 11:29 **8:12** „Andvarpaði djúpt“ – Jesús er sár og reiður yfir vantrú þeirra. Þeir hafa séð kraftaverk en vilja samt „merki frá himnum“ til að prófa hann. **8:13** Matt 16:4 **8:14** Matt 16:5 **8:15** Matt 16:6; Lúk 12:1 **8:15** „Súrdeig“ er myndlíking fyrir vond áhrif eða kenningu. Jesús varar við kenningum farísea (lög og hefðir) og Heródesar (pólitísk spillandi vald). **8:16** Matt 16:7 **8:17** Matt 16:8-9 **8:18** Jer 5:21; Jes 6:9-10; Mark 4:12 **8:19** Mark 6:38-44; Matt 14:17-21 **8:20** Mark 8:5-8; Matt 15:34-38 **8:21** Matt 16:11 **8:21** Lærisveinarnir skilja ekki að Jesús er nóg – þeir eru enn að hugsa um líkamlegt brauð, en hann er að vara við kenningu farísea. **8:22** Mark 10:46-52 **8:23** Mark 7:33 **8:23** Jesús spýtir og leggur hendur yfir hann – þetta var algeng lækningaraðferð á þessum tíma. Hann leiðir manninn út úr þorpinu til að þeir séu einir. **8:24** Mark 8:25 **8:25** Mark 8:23 **8:26** Mark 5:43; Mark 7:36 **8:26** Jesús bannar honum að fara aftur inn í þorpið – þetta er hluti af „messíasarleyndarmálinu“ í Markúsi: hann vill ekki að fólk sjái hann bara sem kraftaverkamann heldur sem Messías.

<sup>27</sup> Jesús og lærisveinar hans fóru út í þorpin við Sesareu Filippí. Á leiðinni spurði hann lærisveina sína: „Hver segja menn að ég sé?“

<sup>28</sup> Þeir svöruðu: „Sumir segja Jóhannes skírari, aðrir Elía, og aðrir einn af spámönnum.“

<sup>29</sup> Hann spurði þá: „En þið? Hver segið þið að ég sé?“ Pétur svaraði: „Þú ert Kristur.“

<sup>30</sup> Hann bannaði þeim stranglega að segja neinum frá honum.

<sup>31</sup> Hann byrjaði að kenna þeim að Mannssonurinn yrði að þjást mikið, vera hafnað af öldungum, æðstu prestum og kennurum í lögnum, drepinn og rísa upp eftir þrjá daga.

<sup>32</sup> Hann talaði opinskátt um þetta. Pétur tók hann afsíðis og fór að skamma hann.

<sup>33</sup> En Jesús sneri sér við, leit á lærisveina sína og skammaði Pétur: „Farðu frá mér, Satan! Þú hugsar ekki hugsanir Guðs heldur manna.“

<sup>34</sup> Hann kallaði til sín mannfjöldann og lærisveina sína og sagði við þá: „Til að fylgja mér þarf að afneita sjálfum sér, taka kross sinn og fylgja mér.“

<sup>35</sup> Því sá sem vill bjarga lífi sínu missir það, en sá sem missir líf sitt vegna mín og fagnaðarerindisins fær það.

<sup>36</sup> Hvað gagnast manni að vinna allan heiminn en tapa sálu sinni?

<sup>37</sup> Hvað gæti maður látið í staðinn fyrir sál sína?

<sup>38</sup> Því sá sem skammast sín fyrir mig og orð mín hjá þessari guðlausu og syndugu kynslóð, fyrir hann mun Mannssonurinn skammast sín þegar hann kemur í dýrð föður síns með heilögum englum.“

## 9

<sup>1</sup> Og hann sagði við þá: „Ég segi ykkur afgerandi: Sumir þeirra sem hér standa munu ekki deyja fyrr en þeir sjá konungsríki Guðs koma með krafti.“

<sup>2</sup> Sex dögum síðar tók Jesús með sér þá Pétur, Jakob og Jóhannes og fór með þá eina upp á hátt fjall. Þar umbreyttist hann fyrir augum þeirra.

<sup>3</sup> Klæði hans urðu glansandi, hvít eins og enginn á jörðinni gæti hvítþvoð þau.

<sup>4</sup> Þá birtust þeim Elía og Móse og þeir ræddu við Jesú.

<sup>5</sup> Pétur sagði við Jesú: „Rabbí, gott er að vera hér. Við skulum reisa þrjú tjöld: eitt fyrir þig, eitt fyrir Móse og eitt fyrir Elía.“

<sup>6</sup> Hann vissi ekki hvað hann sagði, því þeir voru mjög hræddir.

<sup>7</sup> Þá kom ský og skyggði yfir þá, og rödd kom úr skýnu: „Þetta er minn elskaði sonur. Hlustið á hann!“

<sup>8</sup> Og þegar þeir litu í kringum sig sáu þeir engan annan lengur en Jesú einan með sér.

<sup>9</sup> Þegar þeir fóru niður af fjallinu bannaði hann þeim að segja neinum frá því sem þeir höfðu séð fyrr en Mannssonurinn væri risinn frá dauðum.

<sup>10</sup> Þeir héldu þessu leyndu og ræddu sín á milli hvað „risinn frá dauðum“ gæti þýtt.

<sup>11</sup> Þeir spurðu hann: „Af hverju segja kennarar í lögnum að Elía þurfi að koma fyrst?“

<sup>12</sup> Jesús svaraði: „Jú, Elía kemur fyrst og gerir allt tilbúið. En hvers vegna er ritað um Mannssoninn að hann þurfi að þjást mikið og vera hafnað?“

**8:27** Matt 16:13-20; Lúk 9:18-21 **8:27** „Sesarea Filippí“ er norðan við Galileu – fjarri Gyðingasvæðum. Þetta er mikilvægur staður fyrir játningu Péturs. **8:28** Matt 16:14; Lúk 9:19 **8:29** Matt 16:16; Lúk 9:20; Jóh 6:69 **8:29** „Kristur“ (Messías) – Pétur játar að Jesús er sá sem Guð lofaði í GT. Þetta er miðpunktur Markúsarguðspjalls. **8:30** Matt 16:20; Lúk 9:21 **8:31** Matt 16:21; Lúk 9:22; Mark 9:31; Mark 10:33-34 **8:31** Fyrsti spádómurinn um þjáningu Jesús útskýrir að Messías verður að þjást og deyja, ekki bara sígra. Mannssonurinn, sjá Mrk 2:10. **8:32** Matt 16:22 **8:33** Matt 16:23 **8:33** Jesús kallar Pétur „Satan“ – ekki sem illmenni, heldur vegna þess að hann hugsar mannlega (vald og sigur) í stað áætlunar Guðs Guðs (þjáning og kross). **8:34** Matt 10:38; Matt 16:24; Lúk 9:23; Lúk 14:27 **8:35** Matt 10:39; Matt 16:25; Lúk 9:24; Lúk 17:33; Jóh 12:25 **8:36** Matt 16:26; Lúk 9:25 **8:37** Matt 16:26 **8:38** Matt 10:33; Lúk 9:26; 2Tím 2:12 **8:38** Jesús kallar til fylgis sem kostar: að afneita sjálfum sér og taka kross (tákn dauða og vanvirðu). En hann lofar endurgjald við endurkomu sína í dýrð. Mannssonurinn, sjá skýring við Mrk 2:10. **9:1** Matt 16:28; Lúk 9:27 **9:1** Þetta vísar líklega til umbreytingarinnar (transfiguration) sem kemur strax á eftir. Sumir lærisveinar munu sjá konungsríki Guðs í dýrð Jesú á fjallinu. **9:2** Matt 17:1-8; Lúk 9:28-36 **9:2** Jesús umbreyttist og sýnir himneska dýrð sína. Pétur, Jakob og Jóhannes eru oft valdir fyrir mikilvæg augnablik (t.d. Gethsemane). **9:3** Matt 17:2; Lúk 9:29 **9:4** Matt 17:3; Lúk 9:30 **9:4** Elía (spámann) og Móse (lögma) táknna GT. Þeir ræða við Jesús, sem staðfestir hann sem uppfyllingu lögmáls og spámanna GT. **9:5** Matt 17:4; Lúk 9:33 **9:6** Lúk 9:33 **9:7** Matt 17:5; Lúk 9:35; 2Pét 1:17; Slm 2:7; Jes 42:1 **9:7** Rödd Föðursins staðfestir Jesú sem son og segir „hlustið á hann.“ Þetta er lykilorðskapur: Jesús er leiðin til Guðs. **9:8** Matt 17:8 **9:9** Matt 17:9 **9:9** Jesús bannar að segja frá þar til eftir upprisuna. Þá skilja þeir fullkomlega hver hann er. Mannssonurinn, sjá Mrk 2:10. **9:10** Lúk 9:45 **9:11** Mal 4:5; Matt 17:10 **9:12** Matt 17:11-12; Jes 53:3 **9:12** Mannssonurinn, sjá Mrk 2:10.

<sup>13</sup> Ég segi ykkur: Elía er búinn að koma, og þeir gerðu við hann eins og þeir vildu, eins og ritað er um hann.“

<sup>14</sup> Þegar þeir komu aftur til hinna lærisveinanna sáu þeir mikinn mannfjölda umhverfis þá og kennara í lögnum rífast við þá.

<sup>15</sup> Allur mannfjöldinn varð mjög hissa þegar hann sá Jesú og hljóp til hans og heilsaði honum.

<sup>16</sup> Hann spurði þá: „Um hvað eruð þið að rífast?“

<sup>17</sup> Maður úr mannfjöldanum svaraði: „Meistari, ég kom með son minn til þín. Hann hefur óhreinan anda sem gerir hann mállausan.“

<sup>18</sup> Hvar sem andinn tekur hann kastar hann honum niður, hann froðufellir, gnístir tönnum og stírdnar upp. Ég bað lærisveina þína að reka hann út en þeir gátu það ekki.“

<sup>19</sup> Jesús svaraði: „Þú trúlausu kynslóð! Hversu lengi þarf ég að vera hjá ykkur? Hversu lengi þarf ég að umbera ykkur? Færið hann til mín.“

<sup>20</sup> Þeir færðu drenginn til hans. Þegar andinn sá Jesú hrísti hann drenginn strax. Drengurinn féll niður á jörðina, froðufelldi og gnísti tönnum.

<sup>21</sup> Jesús spurði föður drengsins: „Hversu lengi hefur hann verið svona?“ Hann svaraði: „Frá barnæsku.“

<sup>22</sup> Oft hefur hann kastað honum í eld eða vatn til að drepa hann. En ef þú getur nokkuð, finndu til með okkur og hjálpaðu okkur!“

<sup>23</sup> Jesús sagði við hann: „Ef þú getur? Allt er mögulegt fyrir þann sem trúir.“

<sup>24</sup> Faðir drengsins kallaði strax: „Ég trúi! Hjálpaðu vantrú minni!“

<sup>25</sup> Jesús sá að mannfjöldinn hópaðist að og bannaði óhreina andanum: „Þú andi heyrnarleysis og málleysis, ég skipa þér: Farðu út úr honum og komdu aldrei aftur!“

<sup>26</sup> Andinn öskraði, hrísti drenginn mikið og fór út. Drengurinn var eins og dauður, svo margir sögðu: „Hann er dáinn.“

<sup>27</sup> En Jesús tók í hönd hans, reisti hann upp og hann stóð á fætur.

<sup>28</sup> Þegar hann kom inn í hús spurðu lærisveinar hans hann í einrúmi: „Af hverju gátum við ekki rekið hann út?“

<sup>29</sup> Hann svaraði: „Þessi tegund fer ekki út nema með bæn og föstu.“

<sup>30</sup> Þeir fóru þaðan og fóru í gegnum Galíleu. Jesús vildi ekki að nokkur vissi það.

<sup>31</sup> Því hann var að kenna lærisveinum sínum og sagði við þá: „Mannssonurinn verður seldur í hendur manna. Þeir munu drepa hann, en eftir þrjá daga rís hann upp.“

<sup>32</sup> En þeir skildu ekki orðin og hræddir að spyrja hann.

<sup>33</sup> Þeir komu til Kapernaum. Þegar hann var inni í húsi spurði hann þá: „Um hvað ræddu þið á leiðinni?“

<sup>34</sup> Þeir þögðu, því þeir höfðu rökrætt hver þeirra væri mestur.

<sup>35</sup> Hann settist niður, kallaði hina tólf til sín og sagði: „Ef einhver vill vera fyrstur skal hann vera síðastur af öllum og þjónn allra.“

<sup>36</sup> Hann tók barn og setti í miðjan hóp þeirra. Hann tók barnið í fangið og sagði við þá:

<sup>37</sup> „Sá sem tekur á móti einu slíku barni í mínu nafni tekur á móti mér. Og sá sem tekur á móti mér tekur á móti þeim sem sendi mig.“

<sup>38</sup> Jóhannes sagði við hann: „Meistari, við sáum einhvern reka út djöfla í þínu nafni, og við hönnuðum honum það því hann fylgdi ekki okkur.“

<sup>39</sup> Jesús sagði: „Bannið honum það ekki. Því enginn sem gerir kraftaverk í mínu nafni getur á eftir talað illa um mig.“

<sup>40</sup> Sá sem ekki er á móti okkur er með okkur.

**9:13** Matt 17:12-13; Mal 4:5-6 **9:13** Jesús vísar til Jóhannesar skírara sem Elía sem kom (Matt 11:14) en var hafnað og hann drepinn. **9:14** Matt 17:14-21; Lúk 9:37-43 **9:15** Matt 17:14 **9:16** Lúk 9:38 **9:17** Matt 17:14-15; Lúk 9:38-39 **9:18** Matt 17:15-16; Lúk 9:39-40 **9:19** Matt 17:17; Lúk 9:41 **9:20** Matt 17:18; Lúk 9:42 **9:21** Lúk 9:42 **9:22** Matt 17:15 **9:23** Matt 17:20; Mark 11:23 **9:23** Jesús leggur áherslu á trú. **9:24** Matt 17:20 **9:24** „Ég trúi! Hjálpaðu vantrú minni!“ Þetta er falleg játning: hann viðurkennir bæði trú og vantrú, og biður Jesú um hjálp. **9:25** Matt 17:18; Lúk 9:42 **9:26** Matt 17:18 **9:27** Matt 17:18; Lúk 9:42-43 **9:28** Matt 17:19 **9:29** Matt 17:21 **9:29** Sumir handrit bæta við „og föstu“. Jesús kennir að sterkari andleg barátta krefst bænna (og stundum föstu) til að sigra. **9:30** Matt 17:22 **9:31** Matt 17:22-23; Lúk 9:44 **9:31** Annar spádómur um þjáningu. Jesús undirbýr þá fyrir krossinn. Mannsonurinn, sjá Mrk 2:10. **9:32** Lúk 9:45 **9:33** Matt 18:1; Lúk 9:46 **9:34** Matt 18:1; Lúk 9:46 **9:35** Matt 20:26-27; Matt 23:11; Lúk 22:26 **9:35** Jesús snýr við hefðbundinni hugmynd um vald. Mestur er sá sem þjónar. **9:36** Matt 18:2; Lúk 9:47 **9:37** Matt 18:5; Lúk 9:48; Jóh 13:20 **9:37** Jesús kennir um auðmýkt og móttöku. Barn táknar það veika og litla; að taka á móti þeim er að taka á móti Guði. **9:38** Lúk 9:49-50 **9:39** Lúk 9:50 **9:40** Matt 12:30; Lúk 11:23 **9:40** Jesús kennir um viðsýni. Sá sem notar nafn hans til góðs er ekki óvinur.

<sup>41</sup> Því hver sem gefur ykkur að drekka bolla af vatni í mínu nafni, vegna þess að þið tilheyrið Kristi, sannlega segi ég ykkur: Hann mun ekki missa laun sín.

<sup>42</sup> En hver sem leiðir í synd einn af þessum litlu sem trúa á mig, honum væri betra að vera með myllustein\* um hálsinn og vera kastað í sjóinn.

<sup>43</sup> Og ef hönd þín leiðir þig í synd, högg hana af. Betra er fyrir þig að fara inn í lífið aflímaður en til helvítis með báðum höndum, í eldinn sem aldrei slökknar. †

<sup>44</sup> [Þar sem ormarnir deyja ekki og eldurinn slökknar ekki.] ‡

<sup>45</sup> Og ef fótur þinn leiðir þig í synd, högg hann af. Betra er fyrir þig að fara haltur inn í lífið heldur en með báðum fótum vera kastað í helvíti.

<sup>46</sup> [Þar sem ormarnir deyja ekki og eldurinn slökknar ekki.] §

<sup>47</sup> Og ef auga þitt hneykslar þig, sting það út. Betra er fyrir þig að fara eineygður inn í Guðsríki heldur en með báðum augum vera kastað í helvíti,\*

<sup>48</sup> þar sem ormarnir deyja ekki og eldurinn slökknar ekki.

<sup>49</sup> Því allir verða saltaðir með eldi.

<sup>50</sup> Salt er gott, en ef salt missir saltgæði sín, hvernig getur það orðið salt aftur? Hafid salt í ykkur sjálfum og haldið friði meðal ykkar.

## 10

<sup>1</sup> Jesús fór þaðan og kom til svæða Júdeu og austan við Jórdan. Aftur safnaðist mikill mannfjöldi til hans og hann kenndi þeim eins og hann var vanur.

<sup>2</sup> Farísear komu til hans og spurðu til að freista hans: „Má maður skilja við konu sína?“

<sup>3</sup> Hann svaraði: „Hvað bauð Móse ykkur?“

<sup>4</sup> Þeir sögðu: „Móse leyfði að skrifa skilnaðarbréf og skilja við hana.“

<sup>5</sup> Jesús sagði við þá: „Vegna harðs hjarta ykkar skrifaði hann ykkur þetta boðorð.

<sup>6</sup> En frá upphafi sköpunarinnar gerði Guð þau karl og konu.

<sup>7</sup> Þess vegna skal maður yfirgefa föður sinn og móður og bindast konu sinni,

<sup>8</sup> og þau tvö verða einn maður. Þannig eru þau ekki lengur tvö heldur einn maður.

<sup>9</sup> Þess vegna má maður ekki skilja að það sem Guð hefur sameinað.“

<sup>10</sup> Þegar þeir komu inn í húsíð spurðu lærisveinar hans hann aftur um þetta.

<sup>11</sup> Hann sagði við þá: „Sá sem skilur við konu sína og giftist annari heldur framhjá konunni sinni.

<sup>12</sup> Og kona sem skilur við mann sinn og giftist öðrum heldur framhjá manningnum sínum.“

<sup>13</sup> Þeir komu með börn til hans svo hann gæti snert þau. En lærisveinarnir skömmuðu þá sem komu með börnin.

<sup>14</sup> Þegar Jesús sá þetta varð hann reiður og sagði við þá: „Leyfið börnunum að koma til mín og bannið þeim það ekki! Því konungsríki Guðs er fyrir þá sem eru eins og þessi börn.

<sup>15</sup> Afgerandi segi ég ykkur: Sá sem tekur ekki við konungsríki Guðs eins og barn tekur við því kemur aldrei inn í það.“

<sup>16</sup> Og hann tók þau í fangið, lagði hendur sínar á þau og blessaði þau.

**9:41** Matt 10:42 \* **9:42** Á dögum Jesú var myllustein þungt verkfæri sem samanstóð af tveimur steinum sem notaðir voru til að mala korn í mjöl, yfirleitt úr hörðu eldfjallabergi, basalti eða kalksteini. Minni handkvarnir voru notaðar á heimilum, en stærri og þyngri „efri“ myllusteinar (kvarnarsteinar), sem asnar sneru, voru einnig algengir og táknuðu oft þungan dóm eða dauða þegar þeir voru notaðir í viðvörðunum Jesú. **9:42** Matt 18:6; Lúk 17:2 **9:43** Matt 5:30; Matt 18:8 † **9:43** Helvíti er hér orðið yfeyvna, geenna. Þetta er Hinnom-dalur (Ge-Hinnom) rétt fyrir utan Jerúsalem. Þar var rusl brennt og stundum lík óguðlegra. Þar brann stöðugur eldur. **9:44** Jes 66:24 ‡ **9:44** Þetta vers vantar í meirihlutatextann. **9:45** Matt 18:8 **9:46** Jes 66:24 § **9:46** Þetta vers vantar í meirihlutatextann. **9:47** Matt 5:29; Matt 18:9 \* **9:47** Helvíti, sjá skýring Mark 9:43. **9:48** Jes 66:24 **9:48** Jesús notar myndmál frá Jesaja um eilífan eld og orma. Þetta er viðvörðun um alvarleika syndar og mikilvægi þess að fjarlægja það sem leiðir í synd. **9:49** 2Mós 2:13 **9:50** Matt 5:13; Lúk 14:34 **9:50** Salt táknar vernd og bragð. Jesús kallar okkur til að vera „salt“ í heiminum og halda friðinn. **10:1** Matt 19:1-2 **10:2** Matt 19:3 **10:3** 5Mós 24:1 **10:4** 5Mós 24:1 **10:5** Matt 19:8 **10:6** 1Mós 1:27; 1Mós 5:2 **10:7** 1Mós 2:24 **10:8** 1Mós 2:24 **10:9** Matt 19:6 **10:9** Jesús kennir að hjónaband er sköpunarverk Guðs en ekki bara samningur manna. Skilnaður var leyfður vegna harðs hjarta, en Guðs áætlun er eilíf sameining. **10:10** Matt 19:10 **10:11** Matt 19:9; Lúk 16:18 **10:12** 1Kor 7:10-11 **10:12** Jesús jafnar framhjáaldi við skilnað. Þetta var sterkara en skoðun faríseja, sem leyfðu skilnað fyrir karla. **10:13** Matt 19:13-15; Lúk 18:15-17 **10:14** Matt 19:14; Lúk 18:16 **10:15** Matt 18:3; Lúk 18:17 **10:15** „Eins og barn“ – börn voru háð öðrum, auðmjúk og treystu fullkomlega. Konungsríki Guðs krefst auðmyktar og trausts, ekki sjálfssytrks. **10:16** Matt 19:15

17 Þegar hann var að fara út á veginn kom einn hlaupandi, féll á kné fyrir honum og spurði: „Góði meistari, hvað á ég að gera til að erfa eilíft líf?“

18 Jesús sagði við hann: „Af hverju kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema Guð einn.

19 Þú þekkir boðorðin: „Þú mátt ekki drepa, þú mátt ekki halda framhjá, þú mátt ekki stela, þú mátt ekki ljúga, þú mátt ekki svíkja, heiðra föður þinn og móður þína.“

20 Hann svaraði: „Meistari, þetta allt hef ég haldið frá barnæsku.“

21 Jesús leit á hann með elsku og sagði við hann: „Þig vantar eitt: Farðu, seldu allt sem þú átt og gefðu fátækum, og þú munt eiga fjársjóð á himni. Komdu síðan og fylgdu mér.“

22 Hann varð hryggur við þetta orð og gekk í burtu sorgmæddur, því hann átti miklar eignir.

23 Jesús leit í kringum sig og sagði við lærisveina sína: „Hversu erfitt er fyrir þann með miklar eignir að komast inn í konungsríki Guðs!“

24 Lærisveinarnir urðu hissa við orð hans. Jesús sagði aftur við þá: „Börn mín, hversu erfitt er það þeim sem treysta á auðinn að komast inn í konungsríki Guðs!

25 Það er auðveldara fyrir úlfaldi að fara í gegnum nálarauga en fyrir ríkan mann að komast inn í konungsríki Guðs.“

26 Þeir urðu enn hissa og spurðu hver annan: „Hver getur þá bjargast?“

27 Jesús leit á þá og sagði: „Fyrir menn er þetta ómögulegt, en ekki fyrir Guð. Því allt er mögulegt fyrir Guð.“

28 Pétur byrjaði að segja við hann: „Sjáðu, við höfum yfirgefið allt og fylgt þér.“

29 Jesús sagði: „Ég segi ykkur afgerandi: Enginn sem hefur yfirgefið hús, bræður, systur, móður, föður, börn eða atvinnu vegna mín og vegna fagnaðarerindisins

30 sem fær ekki hundrafalt núna á þessum tíma hús, bræður, systur, mæður, börn og atvinnu ásamt ofsóknum og eilíft líf í komandi heimi.

31 En margir sem eru fyrstir munu verða síðastir, og síðastir fyrstir.“

32 Þeir voru á veginum og fóru upp til Jerúsalem. Jesús gekk fyrstur og þeir voru hissa. Þeir sem eltu voru hræddir. Hann tók aftur hina tólf afsíðis og byrjaði að segja þeim hvað myndi koma fyrir honum:

33 „Sjá, við förum upp til Jerúsalem. Mannssonurinn verður svikinn í hendur æðstu prestanna og kennara í lögnum. Þeir munu dæma hann til dauða og afhenda hann heiðingjum.

34 Þeir munu spotta hann, hýða hann, spýta á hann og drepa hann. En eftir þrjá daga rís hann upp.“

35 Jakob og Jóhannes, synir Sebedeusar, komu til hans og sögðu: „Meistari, við viljum að þú gerir fyrir okkur það sem við biðjum um.“

36 Hann spurði: „Hvað viljið þið að ég geri fyrir ykkur?“

37 Þeir sögðu: „Leyfðu okkur að sitja, einn við hægri hönd þína og hinn við vinstri hönd þína, þegar þú situr í dýrð þinni.“

38 Jesús sagði við þá: „Þið vitið ekki hvað þið biðið um. Getið þið drukkið bikarinn sem ég drekk eða skírst þeirri skírni sem ég skírst?“

39 Þeir svöruðu: „Við getum það.“ Jesús sagði við þá: „Bikarinn sem ég drekk skuluð þið drekka, og þeirri skírni sem ég skírst skuluð þið skírast.

40 En að sitja við hægri eða vinstri hönd mína er ekki mitt að gefa. Það er fyrir þá sem það er undirbúið.“

41 Þegar hinir tíu heyrðu þetta urðu þeir reiðir við Jakob og Jóhannes.

42 Jesús kallaði þá til sín og sagði: „Þið vitið að þeir sem teljast höfðingjar þjóða drottna yfir þeim, og þeir sem eru stórir beita aðra valdi.

**10:17** Matt 19:16-30; Lúk 18:18-30    **10:18** Matt 19:17    **10:19** 2Mós 20:12-17; 5Mós 5:16-20    **10:20** Matt 19:20

**10:21** Matt 19:21; Lúk 18:22    **10:21** Jesús elskar manninn en kallar hann til fullrar afneitunar. Auðurinn var hindrun fyrir hann.    **10:22** Matt 19:22    **10:23** Matt 19:23    **10:24** Matt 19:23    **10:25** Matt 19:24    **10:25** „Úlfaldi í gegnum nálarauga“ – ofurlíking um ómöguleika að treysta á auð í stað Guðs. Þetta undirstrikar að Guðs ríki krefst auðmýktar.    **10:26** Matt 19:25    **10:27** Matt 19:26; Lúk 18:27    **10:28** Matt 19:27    **10:29** Matt 19:29    **10:30** Matt 19:29

**10:30** Jesús lofar endurgjald – ekki bara á himni heldur núna í samfélagi kirkjunnar, en með ofsóknum.    **10:31** Matt 19:30; Matt 20:16    **10:32** Matt 20:17-19; Lúk 18:31-34    **10:33** Matt 20:18-19    **10:33** Sjá Mrk 2:10 skýring um Manssonurinn.    **10:34** Matt 20:19    **10:34** Þriðji spádómurinn um þjáningu – Jesús undirbýr þá fyrir krossinn í Jerúsalem.    **10:35** Matt 20:20-21    **10:36** Matt 20:21    **10:37** Matt 20:21    **10:38** Matt 20:22; Lúk 12:50

**10:38** „Bikarinn“ og „skírni“ – myndmál fyrir þjáningu og dauða Jesú. Þeir skilja ekki kostnaðinn.    **10:39** Matt 20:23

**10:40** Matt 20:23    **10:41** Matt 20:24    **10:42** Matt 20:25

<sup>43</sup> En meðal ykkar skal það ekki vera þannig. Sá sem vill verða mikill hjá ykkur skal vera þjónn ykkar.

<sup>44</sup> Og sá sem vill vera fyrstur hjá ykkur skal vera þræll allra.

<sup>45</sup> Því Mannssonurinn kom ekki til að láta þjóna sér heldur til að þjóna og gefa líf sitt til lausnar fyrir marga.“

<sup>46</sup> Þeir komu til Jeríkó. Þegar Jesús fór út úr Jeríkó með lærisveinum sínum og miklum mannfjölda sat blindur betlari við veginn, Bartimeus, sonur Tímeusar.

<sup>47</sup> Þegar hann heyrði að þetta væri Jesús frá Nasaret hóf hann að hrópa: „Jesús, Davíðssonur, miskunna þú mér!“

<sup>48</sup> Margir skömuðu hann og sögðu: „Þegi þú!“ En hann hrópaði enn hærra: „Davíðssonur, miskunna þú mér!“

<sup>49</sup> Jesús stoppaði og sagði: „Kallið á hann.“ Þeir kölluðu á blinda manninn og sögðu við hann: „Vertu hughraustur og stattu upp. Hann kallar á þig.“

<sup>50</sup> Hann kastaði frá sér yfirhöfninni, spratt upp og kom til Jesú.

<sup>51</sup> Jesús spurði hann: „Hvað viltu að ég geri fyrir þig?“ Blindi maðurinn sagði við hann: „Meistari, að ég sjái aftur.“

<sup>52</sup> Jesús sagði við hann: „Farðu, trú þín hefur læknað þig.“ Og hann fékk sjónina strax aftur og fylgdi honum á veginum.

## 11

<sup>1</sup> Þegar þeir nálguðust Jerúsalem og komu að Betfage og Betaníu við Olíufjallið sendi hann tvo lærisveina sína.

<sup>2</sup> Hann sagði við þá: „Farið inn í þorpið fyrir framan ykkur. Um leið og þið komið þar inn munu þið finna ungan asna bundinn, sem enginn hefur enn setst á. Leysið hann og komið með hann hingað.

<sup>3</sup> Ef einhver spyr ykkur: „Hvers vegna gerið þið þetta?“, segið: „Drottinn þarf á honum að halda og sendir hann strax aftur.“

<sup>4</sup> Þeir fóru og fundu ungan asna bundinn við dyr úti á götu og leystu hann.

<sup>5</sup> Sumir þeirra sem stóðu þar sögðu: „Hvað eruð þið að gera? Af hverju leysið þið asnann?“

<sup>6</sup> Þeir sögðu eins og Jesús hafði sagt og þau létu þá fara.

<sup>7</sup> Þeir leiddu asnann til Jesú, lögðu yfirhafnir sínar á hann og hann settist á hann.

<sup>8</sup> Margir breiddu yfirhafnir sínar á veginn, aðrir klufu greinar af trjám og lögðu á veginn.

<sup>9</sup> Þeir sem fóru á undan honum og á eftir hrópuðu: „Hósanna! Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins!“

<sup>10</sup> Blessað sé konungsríki föður okkar Davíðs sem kemur! Hósanna í hæstu himnum!“

<sup>11</sup> Jesús kom inn í Jerúsalem og inn í musterið. Eftir að hann hafði litið allt í kring gekk hann út til Betaníu með hina tólf, því kvöld var komið.

<sup>12</sup> Næsta morgun, þegar þeir fóru frá Betaníu, varð hann svangur.

<sup>13</sup> Hann sá fíkjutré úr fjarlægð og gekk þangað til að sjá hvort eitthvað væri á því. Þegar hann kom að því fann hann ekki annað en lauf, því það var ekki kominn uppskerutími fyrir fíkjur.

<sup>14</sup> Hann sagði við tréð: „Enginn skal borða ávöxt af þér aftur.“ Lærisveinar hans heyrðu þetta.

<sup>15</sup> Þeir komu til Jerúsalem. Jesús gekk inn í musterið og byrjaði að reka út þá sem seldu og keyptu þar. Hann hvoldi borðum gjaldkeranna og stólum dúfnasalanna.

---

**10:43** Matt 20:26    **10:44** Matt 20:27    **10:45** Matt 20:28; Jes 53:10-12    **10:45** „Til lausnar fyrir marga“ – lykilsetning: Jesús gefur líf sitt sem lausnargjald fyrir syndir manna. Mannssonurinn, sjá skýring við Mrk 2:10.    **10:46** Matt 20:29-34; Lúk 18:35-43    **10:47** Matt 20:30    **10:48** Matt 20:31    **10:49** Matt 20:32    **10:50** Matt 20:32  
**10:51** Matt 20:33    **10:52** Matt 20:34; Lúk 18:42-43    **10:52** „Trú þín hefur læknað þig“ – Bartimeus fær ekki bara sjón heldur fylgir Jesú – hann verður lærisveinn.    **11:1** Matt 21:1-11; Lúk 19:28-44; Jóh 12:12-19    **11:2** Matt 21:2  
**11:3** Matt 21:3    **11:4** Matt 21:6    **11:5** Matt 21:7    **11:6** Matt 21:6    **11:7** Matt 21:7; Lúk 19:35; Jóh 12:14-15  
**11:7** Jesús ríður inn á asna. Þetta uppfyllir spádóminn í Sak 9:9 um Messías sem kemur í auðmykt, ekki á stríðshesti.  
**11:8** Matt 21:8; Jóh 12:13    **11:9** Matt 21:9; Lúk 19:38; Jóh 12:13    **11:10** Slm 118:25-26    **11:10** „Hósanna“ þýðir „bjarga nú“. Fólkið hrópar spádómsorð frá Slm 118 og fagnar Jesú sem komandi konungi af ætt Davíðs.    **11:11** Matt 21:10-11    **11:11** Jesús skoðar musterið. Þetta undirbýr hreinsunina daginn eftir.    **11:12** Matt 21:18    **11:13** Matt 21:19    **11:13** Fíkjutré er líking um Ísrael. Lauf án ávaxta sýnir ytri trú án innra lífs. Bölvun trésins er dómur yfir vantrú.    **11:14** Matt 21:19    **11:15** Matt 21:12-13; Lúk 19:45-46; Jóh 2:13-16    **11:15** Jesús mótmælir viðskiptum í forgarði musterisins, sem var ætlað að vera bænastaður, ekki fyrir viðskipti.

- <sup>16</sup> Hann leyfði engum að bera neitt í gegnum musteríð.
- <sup>17</sup> Hann kenndi og sagði við þá: „Er ekki skrifað: „Hús mitt skal kallast bænahús fyrir allar þjóðir“? En þið hafið gert það að ræningjabæli.“
- <sup>18</sup> Kennarar í lögnum og æðstu prestarnir heyrðu þetta og leituðu leiða til að drepa hann. Þeir hræddust hann því allur mannfjöldinn varð undrandi yfir kennslu hans.
- <sup>19</sup> Þegar kvöldaði gekk hann út úr borginni.
- <sup>20</sup> Um morguninn sáu þeir fíkjutréd visnað frá rótum.
- <sup>21</sup> Pétur minntist þess og sagði við Jesú: „Rabbí, sjáðu! Fíkjutréd sem þú bölvaðir er visnað.“
- <sup>22</sup> Jesús svaraði: „Trúið á Guð.
- <sup>23</sup> Ég segi ykkur afgerandi: Sá sem segir við þetta fjall: „Lyftu þér upp og kastaðu þér í sjóinn“ og hefur ekki efasemdir í hjarta sínu heldur trúir því að það sem hann segir muni gerast, það skal veitast honum.
- <sup>24</sup> Þess vegna segi ég ykkur: Allt sem þið biðjið um í bæn, trúið því að þið hafið öðlast það, og það skal veitast ykkur.
- <sup>25</sup> Og þegar þið takið ykkur stöðu til að biðja þá fyrirgefið öllum þeim sem þið hafið eitthvað á móti, svo faðir ykkar á himnum fyrirgefi ykkur syndir ykkar.“
- <sup>26</sup>
